Barnabætur .....	10.100	10.520	420	4,2
Afskriftir skattkrafna .....	10.000	10.000	0	0,0
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	9.602	10.545	943	9,8
Vaxtabætur .....	7.770	10.100	2.330	30,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	6.985	7.300	315	4,5
Ríkisútværpið .....	2.945	3.515	570	19,4
Framlag til Þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga .....	2.945	2.782	-163	-5,5
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur .....	34.565	34.923	357	1,0
<b>Viðhald</b>	<b>8.909</b>	<b>8.854</b>	<b>-55</b>	<b>-0,6</b>
Vegakerfi .....	5.179	5.179	0	0,0
Annað .....	3.731	3.676	-55	-1,5
<b>Stofnkostnaður</b>	<b>28.832</b>	<b>28.103</b>	<b>-729</b>	<b>-2,5</b>
Vegakerfi .....	20.986	17.286	-3.700	-17,6
Háskólar og framhaldskólar .....	1.100	991	-109	-9,9
Heilbrigðisstofnanir .....	1.335	984	-351	-26,3
Flugvöllir .....	258	258	0	0,0
Annað .....	5.154	8.585	3.432	66,6
<b>Fjármagnstilfærslur</b>	<b>5.965</b>	<b>6.375</b>	<b>411</b>	<b>6,9</b>
Ofanflóðasjóður .....	623	1.073	450	72,2
Leiguíbúðir .....	1.100	1.100	0	0,0
Hafnarframkvæmdir .....	472	472	0	0,0
Menningastofnanir .....	0	25	25	-
Annað .....	3.770	3.706	-65	-1,7
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>555.641</b>	<b>582.534</b>	<b>26.893</b>	<b>4,8</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjárukalögum ársins.

Þá er óskað eftir auknum útgjaldaheimildum vegna fjárlagaliða sem fjármagnaðir eru með ríkistekjum. Þessir liðir hækka um rúma 4,6 milljarðar kr. frá fjárlögum ársins en hafa þó ekki áhrif á afkomu ársins þar sem tekjur koma á móti. Þar ber helst að nefna að fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir af vaxtatekjum, arði og söluhagnaði hækkar samkvæmt endurskoðaðri spá um tæpa 2 milljarða kr. en sama fjárhæð færist á tekjuhlíðina. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánnum. Af öðrum stórum liðum í þessum flokki má nefna að fjárheimild Fóðursjóðs er aukin um tæpa 1,3 milljarða kr. þar sem sjóðurinn hefur ekki verið lagður niður eins og til stóð að gera í áföngum. Fjárheimild vegna verðmiðlunar landbúnaðarvara er aukin samtals um rúmar 400 m.kr. vegna þess að ekki hefur orðið af áformum um að afnema verðmiðlunina og gjöldin sem fjármagna hana. Þá eru fjárheimildir Ofanflóðasjóðs auknar um 450 m.kr. til að auka framkvæmdir við snjóflóðavarnir en það er liður í aðgerðum í atvinnumálum. Fjárheimild vegna Endurvinnslunnar hf. hækkar um 380 m.kr. vegna endurskoðaðrar áætlunar um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðum.

Gerð er tillaga um að vaxtabætur hækki um 2,3 milljarða kr. í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnar um aðgerðir til stuðnings fyrir skuldsett heimili. Hækkunin er fjármögnuð með skatttekjum af útleystum séreignalífeyrissparnaði sem heimilað var tímabundið með sérstökum lögum sl. vor. Gert er ráð fyrir að 2,4 milljarðar kr. muni falla á ríkissjóð vegna ríkisábyrgða á skuldum á vegum föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands, sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands, sem síðar var sameinaður Kaupþingi banka og svo Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs landbúnaðarins á sínum tíma. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum.

Af öðrum stórum útgjaldaliðum vegur þungt að lagt er til að framlög í Landhelgissjóð verði aukin um rúma 3 milljarða kr. vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna, sem afhent var sl. sumar. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða að hún yrði tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009. Hækkun tryggingagjalds sem samþykkt var á sumarþinginu hækkar launakostnað ríkisins um rúman 1 milljarð kr. á þessu ári. Framlag í Þróunarsjóð EFTA er hækkað um 860 m.kr. en með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES fyrir nokkrum árum var gert ráð fyrir sérstökum framlögum EFTA–ríkjanna þriggja. Framlögin eru ætluð til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti. Farið er fram á að fjárveiting til Ríkisútvarpsins ohf. hækki um 630 m.kr. til að styrkja rekstrarstöðu fyrirtækisins en auk þess var um 560 m.kr. af skuldum hlutafélagsins við ríkissjóð breytt í hlutafé fyrr á árinu þar sem eiginfjárstaða félagsins var uppurin. Óskað er eftir að fjárveitingar vegna húsaleigubóta sveitarfélaga verði auknar um rúmar 640 m.kr. vegna samkomulags sem ríki og sveitarfélög

gerðu í apríl 2008 um verulega hækkun bótanna og aukna þátttöku ríkisins í fjármögnun kerfisins. Bótagreiðslurnar hafa vaxið mjög hratt og verulega umfram það sem ráð var fyrir gert og stefnir í að viðbótarkostnaður við samkomulagið verði tvöfalt meiri en reiknað var með eða nálægt 1 milljarði kr. á ári. Óskað er jafnframt eftir um 600 m.kr. auknum fjárheimildum vegna ýmissa útgjalda tengdum bankahruninu og efnahagsáfallinu á þessu ári. Hér eru einkum um að ræða aukin útgjöld vegna embættis sérstaks saksóknara, opinberrar réttaraðstoðar vegna einstaklinga í greiðsluáðlögun og greiðslur fyrir aðkeypta sérfræðivinnu í tengslum við aðgerðir til endurreisnar efnahagslífsins.

Á móti auknum útgjaldaskuldbindingum kemur tæplega 4 milljarða kr. lækkun vegna endurmetinnar fjárþarfar lífeyristrygginga. Þar munar mest um að fjármagnstekjur bótaþega hafa verið vantaldar, sem lækkar greiðslur við uppgjör. Í öðru lagi eru ekki horfur á að verði af áformum um kaup á nýjum sendiráðsbústöðum fyrir alls um 2 milljarða kr. í stað eldri bústaða sem áætlað var að selja fyrir um 3 milljarða kr. Á móti lækkar tekjuhliðin sem nemur áætluðum tekjum af eignasölunni.

Loks er í frumvarpinu gert ráð fyrir aðhaldsráðstöfunum sem eiga að skila 9,3 milljarða kr. samdrætti í ríkisútgjöldum á seinni hluta ársins í samræmi við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar um viðbrögð við versnandi afkomuhorfum ríkissjóðs á árinu. Ef fjármagnsgjöld og óreglulegir liðir eru undanskildir frá ársveltunni svarar þetta til 2,1% samdráttar til viðbótar við þau áform sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Unnið er að þeim aðgerðum í öllum ráðuneytum. Hér er fjallað heildstætt um aðhaldsaðgerðirnar en gerð er nánari grein fyrir þeim í köflum um málefni hvers ráðuneytis.

Markmið um bættu afkomu í rekstri ríkissjóðs og þar með um samdrátt í ríkisútgjöldum byggjast á samstarfsáætluninni við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Áætlunin miðar að því að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs og er megin tilgangur aðhaldsaðgerðanna að draga úr ójafnvægi í ríkisrekstrinum. Þegar leið fram á þetta ár varð ljóst að halli ríkissjóðs stefndi í að verða meiri en áætlað var í fjárlögum 2009. Við því var brugðist um mitt árið með sérstökum ráðstöfunum sem ætlað var að styrkja afkomu ríkissjóðs um 22 milljarða kr. Þar af námu ráðstafanir til að lækka útgjöld um 9,3 milljörðum kr, eins og áður segir. Markmið um viðbótalækkun rekstrarútgjalda á síðari helming yfirstandandi árs eru sett miðað við 2% aðhald af ársveltu hjá stjórnarsýslu- og eftirlitsstofnunum, 1,6% hjá menntastofnunum sem annast kennslu og 1% hjá velferðarstofnunum en þá er eingöngu átt við stofnanir sem veita heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við fatlaða. Miðað við að lækkunin þarf á nást fram á seinni helmingi ársins má segja að þessar prósentur verði í rauninni tvöfalt hærri. Ráðuneytum var þó gefið nokkurt svigrúm til að útfæra markmiðin fyrir þetta ár með öðrum hætti eftir aðstæðum t.d. með því að falla frá úthlutnum á ýmsum tilfærslustyrkjum eða hætta við kaup á búnaði eða við framkvæmdir sem ekki voru hafnar.

Í töflunni hér á eftir er sýnd hagræn skipting á aðhaldsaðgerðunum í samanburði við veltu fjárlaga þar sem vaxtagjöld og óreglulegir liðir á borð við lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna ofl. eru frátaldir.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Rekstur .....	-1.789,5	198.873,6	-0,9%
Tilfærslur .....	-3.034,7	206.045,8	-1,5%
Viðhald og stofnkostnaður .....	-4.426,3	43.706,4	-10,1%
<b>Samtals .....</b>	<b>-9.250,5</b>	<b>448.625,8</b>	<b>-2,1%</b>

Aðhaldsaðgerðir í rekstri nema samtals 1.789,5 m.kr. sem er 0,9% lækkun frá fjárlögum 2009. Aðgerðir til að lækka rekstrarkostnað geta þarfnast nokkurs aðdraganda og það getur tekið nokkurn tíma þar til áhrif þeirra koma fram. Því hefur verið lögð meiri áhersla á að ná fram viðbótarlækkun á rekstrarkostnaði á næsta ári en á þessu ári. Til að byrja með er gert ráð fyrir almennum ráðstöfunum til að lækka launakostnað, t.d. með fækkun yfirvinnu-tíma, og að dregið verði úr ferðakostnaði, aðkeyptri þjónustu ofl.

Í tilfærslum er ráðgert að lækka útgjöld um samtals 3.034,7 m.kr. sem er 1,5% lækkun frá fjárlögum 2009. Helstu aðhaldsaðgerðirnar eru í lífeyristryggingum þar sem tekjutenging bóta hefur verið aukin og á það að leiða til um 1.825 m.kr. lækkunar á útstreymi kerfanna eða sem samsvarar 1,8% lækkun frá fjárlögum 2009. Þessar breytingar miðast við að þær hafi ekki áhrif á tekjulægstu lífeyrisþegana. Við gildistöku breytinganna á tekjuskerðingum lífeyristrygginga 1. júlí sl. héldu um 40% af lífeyrisþegum óbreyttum greiðslum eða hækkuðu vegna tilkomu nýs frítekjumarks á ellilífeyrissjóðstekjur. Í sjúkratryggingum nema sparnaðaraðgerðir 440 m.kr. eða sem svarar til um 1,8% lækkunar frá fjárlögum 2009. Sparnaðaraðgerðirnar í sjúkratryggingum miða að því að lækka greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði og draga úr umfangi sérfræðilæknisþjónustu. Þá lækka framlög til þjóðkirkjusafnaða og annarra trúfélaga um 115 m.kr. eða sem svarar til 5,1% frá fjárlögum 2009 og þróunaraðstoð lækkar um 110 m.kr. eða um 4,8% frá fjárlögum 2009. Taflan hér á eftir sýnir lækkanir á helstu tilfærsluliðum.

Rekstrargrunnur, m.kr., tilfærsluliðir	Lækkun m.kr.	Velta 2009	Lækkun %
Lífeyristryggingar .....	-1.825,0	64.539,0	-2,8%
Sjúkratryggingar .....	-440,0	25.129,6	-1,8%
Sóknargjöld .....	-115,5	2.273,0	-5,1%
Þróunaraðstoð .....	-110,0	2.279,1	-4,8%
Annað .....	-544,2	111.822,1	-0,5%
<b>Samtals .....</b>	<b>-3.034,7</b>	<b>206.042,8</b>	<b>-1,5%</b>

Gert er ráð fyrir að sparnaðaraðgerðir í viðhaldi og stofnkostnaði lækki útgjöld um samtals 4.426,3 m.kr. eða sem nemur 10,1% lækkun frá fjárlögum 2009. Meiri möguleikar eru á að draga úr slíkum útgjöldum með skemmri fyrirvara en t.d. rekstrarútgjöldum með því að hætta við eða fresta framkvæmdaáformum. Stærstur hluti af lækkun framlaga til viðhalds og stofnkostnaðar skýrist af 3.500 m.kr. lækkun á fyrri áformum um vegaframkvæmdir. Hjá heilbrigðisráðuneytinu er fallið frá eða dregið úr viðhaldi og stofnkostnaði sem nemur 493 m.kr. en þar af eru 400 m.kr. fjárheimild sem ætluð var til að hefja byggingu á nýju húsnæði fyrir Landsspítalann. Hjá æðstu stjórn ríkisins er fallið frá 200 m.kr. framkvæmdum á Alþingisreit. Þá er fallið frá eða dregið úr viðhaldi og stofnkostnaði sem nemur 185 m.kr. hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Í töflunni hér á eftir er sýnd skipting á lækkun útgjalda vegna reksturs, tilfærslna, viðhalds og stofnkostnaðar eftir ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstur m.kr.	Tilfærslur m.kr.	Viðh. og stofnk. m.kr.	Samtals m.kr.
Æðsta stjórn ríkisins .....	-45,5	0,0	-200,0	-245,5
Forsætisráðuneyti .....	-7,6	-9,4	-6,0	-23,0
Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	-357,2	-194,1	-184,7	-736,0
Utanríkisráðuneyti .....	-81,0	-110,0	0,0	-191,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti .....	-84,0	-17,0	-5,0	-106,0
Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti .....	-340,2	-216,7	-8,0	-564,9
Félags- og tryggingamálaráðuneyti .....	-130,0	-1.935,0	0,0	-2.065,0
Heilbrigðisráðuneyti .....	-250,5	-450,0	-492,6	-1.193,1
Fjármálaráðuneyti .....	-152,5	-20,0	-30,0	-202,5
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti .....	-196,7	-36,2	-3.500,0	-3.732,9
Iðnaðarráðuneyti .....	-68,8	-31,2	0,0	-100,0
Efnahags- og viðskiptaráðuneyti .....	-25,5	-0,7	0,0	-26,2
Umhverfissráðuneyti .....	-50,0	-14,4	0,0	-64,4
<b>Samtals .....</b>	<b>-1.789,5</b>	<b>-3.034,7</b>	<b>-4.426,3</b>	<b>-9.250,5</b>

### 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. frumvarpsins er lagt til að lántökuheimildir fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, hækki úr 160 milljörðum kr. í 660 milljarða. Hér er þó ekki um að ræða hækkun á lántökuheimild frá fjárlögum heldur breytta framsetningu því gert er ráð fyrir að 4. tl., sem heimilar allt að 500 milljarða kr. lántöku, falli brott. Reiknað er með að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 610 milljarðar kr., þar af 520 milljarðar í íslenskum krónum en jafngildi 90 milljarða kr. í erlendri mynt. Af einstökum lántökutílefnum munar mest um

300 milljarða kr. útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna eigið fé nýju bankanna og annarra fjármálastofnana og jafngildi 75 milljarða kr. láns, sem reiknað er með að verði afgreidd í ár frá Norðurlöndum og Póllandi, til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabankans. Aðrar lántökur, til að mæta afborgunum og hallarekstri ríkissjóðs, eru áætlaðar samtals 235 milljarðar kr. Horfur eru á að ríkissjóður greiði 120 milljarða kr. í afborganir af teknum lánnum. Samkvæmt því er reiknað með lántökur ríkissjóðs umfram afborganir verði 490 milljarðar kr..

Í 2. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Sótt er um 75 milljarða kr. hækkun og heimild til að endurlána Seðlabanka Íslands jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

Í 3. tl. 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem heimild hafa til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru þrjár og í heildina tekið er lögð til ríflega 90 milljarða kr. lækkun heimildar. Í fyrsta lagi er lögð til 1 milljarðs kr. lækkun á heimild Landsvirkjunar. Reiknað er með að lántökur fyrirtækisins í ár verði um 19 milljarðar kr., að fjárfest verði fyrir um 10 milljarða kr. og 20 milljarðar greiddir í afborganir af teknum lánnum. Miðað við það er áætlað að sjóðstaða fyrirtækisins batni um 4 milljarða kr. á árinu. Vegna erfiðleika á lánamörkuðum ríkir þó enn óvissa um hverjar endanlegar lántökur verða og hugsanlegt er að þær flytjist að hluta yfir á næsta ár. Í öðru lagi er lögð til tæplega 88 milljarða kr. lækkun á heimild Íbúðalánasjóðs vegna almennra íbúðalána og í þriðja lagi ríflega 1,6 milljarðs kr. lækkun á heimild sjóðsins vegna leiguíbúða. Minni lánsfjárförf Íbúðalánasjóðs stafar að langmestu leyti af því að mun minna hefur verið um uppkaup á íbúðalánnum fjármálastofnana heldur en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga en þá voru lánaheimildir stofnunarinnar auknar um 100 milljarða kr. til að búa hana undir slík uppkaup í samræmi við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Að endingu er rétt að vekja athygli á að ekki er gert ráð fyrir sérstöku heimildarákvæði í frumvarpinu um ábyrgð ríkissjóðs á lánnum Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta frá breska og hollenska ríkinu til að standa straum af greiðslum til innstæðueigenda hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem það hefur verið gert með sjálfstæðri lagasetningu.



## 4 Sjóðstreymi ríkissjóðs

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs. Vísað er til 2. gr. frumvarpsins.

Í milljónum króna	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Breyting frá fjárlögum
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>-138.096</b>	<b>-165.726</b>	<b>-27.630</b>
Fjármunahreyfingar:			
Yfirtekin tryggingabréf frá Seðlabanka Íslands .....	385.000	0	-385.000
Eiginfjárframlög til bankakerfisins og önnur eiginfjárframlög .....	-386.000	-300.000	86.000
Veitt löng lán .....	-10.000	-85.000	-75.000
Afborganir veittra lána .....	16.000	22.400	6.400
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	200	0	-200
Sala verðbréfaeignar .....	0	65.000	65.000
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>5.200</b>	<b>-297.600</b>	<b>-302.800</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>-132.896</b>	<b>-463.326</b>	<b>-330.430</b>
Fjármögnun:			
Ríkisskuldabréf til að fjármagna eigið fé fjármálastofnana .....	0	300.000	300.000
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands .....	0	75.000	75.000
Önnur löng lán .....	160.000	235.000	75.000
Afborganir af teknum lánnum .....	-100.000	-120.000	-20.000
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>60.000</b>	<b>490.000</b>	<b>430.000</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>-72.896</b>	<b>26.674</b>	<b>99.570</b>

Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs fyrir árið í ár felur í sér miklar breytingar á fjármunahreyfingum og lánsfjárráðstöfunum frá fjárlögum. Útlit er fyrir að í ár verði hreinn lánsfjárfjöfnuður neikvæður um 463 milljarða kr.. Í fjárlögum var áætlað að lánsfjárfjöfnuður yrði neikvæður um 133 milljarða. Aukning lánsfjárþarfar frá fjárlögum nemur 330 milljörðum kr. og skýrist í stórum dráttum af eftirtöldum sex tilefnum. Í fyrsta lagi, og það sem langsamlega mest munar um, er að horfið hefur verið frá því að leggja fjármálakerfinu til nýtt eigið fé með eignum sem Seðlabankinn hafði sem tryggingu á móti veð- og daglán-um bankans og ríkissjóður keypti af bankanum eftir hrun stóru bankanna þriggja síðastliðið haust. Þessi bréf hafa reynst verðminni en reiknað var með og hefðu ekki nægt til að fjármagna kerfið. Er því gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi nýju bönkunum til eigið fé í formi ríkisskuldabréfa. Áætlað er að í ár muni ríkissjóður leggja fram eigið fé til nýju bankanna þriggja og nokkurra annarra aðila fyrir um 300 milljarða kr.. Þegar þetta er ritað ríkir þó enn óvissa um það hvernig bankarnir verða endanlega fjármagnaðir því skilaneindir Glitnis og Kaupþings, fyrir hönd kröfuhafa, eiga kost á að eignast mikinn meirihluta hlutafjár í Íslandsbanka og Nýja Kaupþingi. Ákveði kröfuhafarnir að nýta sér þann kost mun stór hluti af 137 milljarða kr. eiginfjárframlagi ríkissjóðs til þessara tveggja banka ganga til baka.

Ekki hefur ennþá verið gengið frá eiginfjármögnun NBI (Nýja Landsbankans). Auk eiginfjárframlaga til nýju bankanna er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi sparissjóðum til 20 milljarða kr. í nýtt eigið fé, auki eigið fé Bygðastofnunar um 2 milljarða kr., taki þátt í hlutfjárukningu Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. í samræmi við eignarhlut sinn fyrir 6,25 milljónir evra, jafngildi um 1,1 milljarðs kr., auk smærri framlaga til annarra aðila í samræmi við fyrri áform. Í öðru lagi er áformað að ríkissjóður endurláni Seðlabankanum það sem áætlað er að verði afgreitt af lánum Norðurlandanna og Póllands á þessu ári til að styrkja gjaldeyrisvarasjóð bankans, jafngildi um 75 milljarða kr.. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að afborganir af veittum lánum ríkissjóðs verði 6,4 milljörðum kr. meiri en áætlað var. Munar þar mest um rúmlega 6 milljarða kr. afborganir af yfirteknum veðlánakröfum Seðlabankans. Í fjórða lagi er ekki reiknað með neinni sölu hlutabréfa og eignarhluta í ár en í fjárlögum var áætlað fyrir 200 m.kr. sölutekjum. Í fimmta lagi er nú reiknað með að ríkissjóður selji hluta af tryggingabréfunum sem yfirtekin voru frá Seðlabankanum fyrir um 65 milljarða kr. og í sjötta lagi er útlit fyrir að handbært fé frá rekstri verði 27,6 milljörðum kr. minna en áætlað var í fjárlögum.

Á móti neikvæðum lánsfjárfjöfnuði koma auknar lántökur. Reiknað er með að í ár nemi langtímalántökur ríkissjóðs 610 milljörðum kr. og afborganir af teknum lánum 120 milljörðum og að lántökur umfram afborganir verði 490 milljarðar kr.. Mest munar um 300 milljarða kr. útgáfu ríkisskuldabréfa til að fjármagna eigið fé fjármálastofnana og jafngildi 75 milljarða kr. lántöku til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Aðrar lántökur til langs tíma eru áætlaðar 235 milljarðar kr., eða 115 milljörðum umfram afborganir af teknum lánum. Gangi þessar áætlanir eftir eykst handbært fé ríkissjóðs um 26,7 milljarða kr. og batnar staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands sem því nemur.

## 5 Heimildir

Sótt er um 11 heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að fimm eru vegna sölu húsnæðis eða eignarhluta í húsnæði, ein er vegna sölu hlutabréfa, ein til að kaupa landspildu og fjórar sem falla undir flokkinn ýmsar heimildir.

Heimild 2.21 er vegna flutnings lögreglustjórans á Suðurnesjum úr núverandi húsnæði sínu í húsnæði sem áður var nýtt af Þjóðskrá vegna útgáfu vegabréfa.

Heimild 2.22 er til sölu á húsnæði lögreglunnar á Seyðisfirði en húsnæðið hefur verið lítið notað af lögreglunni vegna skipulagsbreytinga sem gerðar hafa verið á starfseminni.

Heimild 2.23 er vegna sölu á húsnæði sem notað hefur verið sem dagdeild geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri og er gert ráð fyrir að söluandvirðinu verði varið til uppbyggingar á geðdeild sjúkrahússins.

Heimildir 3.20 og 3.21 er vegna sölu á hlut ríkisins í heilsugæsluseljum á Stokkseyri og Eyraþakka sem fyrirhugað er að leggja niður.

Heimild 5.4 er til sölu á hlut ríkisins í sparisjóðum sem ríkið hefur eignast á grundvelli hinna svokölluð neyðarlaga nr. 125/2008. Ekki er um beina heimild að ræða í þeim lögum til sölu á framangreindum hlutum og þykir því rétt að slík heimild sé fyrir hendi í fjáruka-lögum.

Heimild 6.35 er til kaupa á landspildu við Dimmuborgir svo unnt sé að stækka bíla-stæðið á svæðinu.

Heimild 7.21 er til kaupa á eignarhlutum eða til hlutafjárukningar í fyrirtækjum á sviði orkuöflunar og orkudreifingar í því skyni að tryggja opinbert eignarhald og endur-skipulagningu á sviði orkumála.

Heimild 7.22 er til að breyta 563 m.kr. skuld RÚV ohf. við ríkissjóð í hlutafé í sam-ræmi við ákvörðun ríkisstjórnar fyrir á árinu.

Heimild 7.23 er til aukningar á eigin fé Bygðastofnunar um allt að 2,6 milljarða kr.

Heimild 7.24 er til að auka hlutafé ríkissjóðs í hlutafélaginu Farice í tengslum við fjár-hagslega endurskipulagningu þess.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### 00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins lækki um 102 m.kr. Sótt er um 143,5 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 245,5 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

#### 201 Alþingi.

*1.01 Alþingiskostnaður.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 75,5 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag hækki um 91 m.kr. vegna greiðslu biðlauna til þeirra 27 alþingimanna sem hættu á þingi í kjölfar alþingiskosninganna í apríl í vor. Greidd eru 6 mánaða biðlaun til 19 þingmanna, sem setið höfðu í tvö kjörtímabil eða lengur og 3 mánaða biðlaun til 8 þingmanna sem setið höfðu í eitt kjörtímabil. Greidd eru fóst laun auk launatengdra gjalda. Í öðru lagi er sótt um 4,5 m.kr. framlag vegna fastra greiðslna og ferðakostnaðar þingmanna sem hætta. Auk biðlauna frá næstu mánaðarmótum greiðir Alþingi þingmönnum sem hættu í kjölfar alþingiskosninganna í vor laun og fastar kostnaðargreiðslur frá kosningadegi til loka kosningamánaðar. Í þriðja lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna lækkunar á launakostnaði þar sem aðstoðarmönnum alþingismanna, að frátöldum aðstoðarmönnum formanna stjórnarandstöðuflokka, var sagt upp störfum eftir alþingiskosningarnar í apríl í vor.

*1.04 Alþjóðasamstarf.* Lögð er til 22 m.kr. lækkun fjárveitingar til alþjóðasamstarfs vegna lækkunar á ferðakostnaði. Tillagan byggist á ákvörðun ferðakostnaðarnefndar frá 27. febrúar sl. um að lækka dagpeningagreiðslur til starfsmanna ríkisins á ferðalögum erlendis um 10% frá 1. mars 2009.

*1.06 Almennur rekstur.* Farið er fram á að fjárveiting fjárlagaliðarins hækki um 3 m.kr. Annars vegar er farið fram á 6,5 m.kr. framlag til útgáfumála. Eftir hverjar alþingiskosningar þarf að endurskoða og endurútgefa margvíslegt kynningarefni, handbækur o.fl. Hins vegar er lagt til að framlag lækki um 3,5 m.kr. vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda.

*1.10 Rekstur fasteigna.* Farið er fram á 10,9 m.kr. framlag vegna kostnaðar við þrif og viðgerðir á skemmdum sem unnar voru á Alþingishúsinu í mótmælaaðgerðunum á Austurvelli síðastliðinn vetur.

*5.20 Fasteignir.* Farið er fram á 3 m.kr. framlag vegna útgjalda við breytingar og málun á skrifstofum alþingismanna og flutningi á aðstöðu fráfarandi og nýkjörinna þingmanna eftir alþingiskosningarnar í vor.

*6.01 Tæki og búnaður.* Farið er fram á að fjárveiting fjárlagaliðarins hækki um 20,6 m.kr. Annars vegar er sótt um 12,5 m.kr. fjárheimild vegna endurnýjunar á tölvubúnaði í kjölfar alþingiskosninganna í vor. Nauðsynlegt var talið að endurnýja allan tölvu- og tækjabúnað þingmanna, starfsmanna þingflokka og annars starfsfólks þingmanna eigi síðar en árið 2010. Þar sem svo mikil endurnýjun varð í hópi þingmanna við kosningarnar var talið heppilegt að flýta endurnýjuninni. Vegna breytinga á fyrirkomulagi tölvumála mun þessi endurnýjun leiða til lægri útgjalda á komandi árum. Hins vegar er farið fram á 8,1 m.kr. framlag til endurnýjunar tækja og öryggisbúnaðar í tengslum við mótmælaaðgerðirnar á Austurvelli og við Alþingishúsið síðastliðinn vetur.

## **205 Framkvæmdir á Alþingisreit.**

*6.55 Framkvæmdir á Alþingisreit.* Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 200 m.kr. þar sem fallið hefur verið frá framkvæmdaáformum í fjárlögum 2009 til að mæta markmiðum um samdrátt ríkisútgjalda. Eftir stendur 50 m.kr. fjárheimild sem ætluð er til að standa undir kostnaði sem tengist undirbúningi framkvæmdanna einkum vegna fornleifa sem fundust á Alþingisreitnum.

## **301 Ríkisstjórn.**

*1.01 Ríkisstjórn.* Sótt er um 15 m.kr. framlag til að mæta auknum launakostnaði vegna ríkisstjórnarskiptanna 1. febrúar og 10. maí 2009. Tvenn ríkisstjórnarskipti urðu á árinu. Ætla má að biðlaun og orlofsuppgjör ráðherra og aðstoðarmanna sem hurfu úr embættum nemi um 50 m.kr. Fyrir er á liðnum 242,9 m.kr. fjárheimild fjárlaga. Eftir úrskurð kjararáðs 27. desember 2008 um að laun ráðherra skyldu lækka um 14% frá 1. janúar 2009 er áætlað að launaútgjöld sem færast á liðinn lækki um 35 m.kr. á ársgrundvelli. Vantar því 15 m.kr. fjárheimild á liðinn til að mæta áðurnefndum kostnaði.

## **401 Hæstiréttur.**

*1.01 Hæstiréttur.* Lagt er til að fjárheimild liðarins lækki um 8 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar útgjaldaáætlunar í kjölfar ákvörðunar kjararáðs um lækkun á launum hæstaréttardómara 10. mars 2009.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis lækki um 1.120,7 m.kr. Sótt er um 41 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 23 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 1.138,7 m.kr. fjárheimildir fluttar frá ráðuneytinu vegna verkefna sem flytjast frá því við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.20 Jafnréttissjóður.* Lagt er til að fallið verði frá 10 m.kr. fjárveitingu sem veitt var til verkefnisins í ár. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um lækkun útgjalda vegna breyttra aðstæðna í efnahagsmálum.

*1.90 Ýmis verkefni.* Farið er fram á 35 m.kr. fjárveitingu vegna útgjalda sem tengjast aðgerðum og verkefnum í tengslum við endurreisn efnahagslífsins. Á síðasta ári var 250 m.kr. fjárveiting í fjárlögum vegna kostnaðar við erlenda og innlenda ráðgjöf og nauðsynlegar aðgerðir ríkisins vegna neyðarástands á fjármálamarkaði í framhaldi af falli þriggja stærstu banka landsins. Í upphafi voru óvissuþættir margir um heildarkostnað og hversu víðtækra aðgerða væri þörf. Útlit er fyrir að kostnaður sem vistaður er hjá ráðuneytinu vegna þessa og til fellur á yfirstandandi ári verði 35 m.kr. hærri en áætlað var.

### 201 Fasteignir forsætisráðuneytis.

*1.01 Fasteignir forsætisráðuneytis.* Farið er fram á 6 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna aukins húsnæðiskostnaðar, m.a. vegna viðbótar húsrýmis sem tekið hefur verið á leigu við Hverfisgötu til að hýsa starfsstöð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi í samræmi við samkomulag stjórnvalda við sjóðinn.

### 231 Norræna ráðherranefndin.

*1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis.* Lagt er til að 53,4 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á 03-101-1.01 *Utánríkisráðuneyti, aðalskrifstofa*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki

farið fram fyrir en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til utanríkisráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

*1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar.* Lagt er til að 218,9 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *03-401-1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins sbr. framangreint.

## **251 Þjóðmenningarhúsið.**

*1.01 Þjóðmenningarhúsið.* Lagt er til að 103 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-904-1.01 Þjóðmenningarhúsið*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrir en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

## **255 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins.**

*1.01 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins.* Lagt er til að 33 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-913-1.01 Gljúfrasteinn – Hús skáldsins*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrir en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til mennta- og menningarmálaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

*5.21 Viðhald.* Lagt er til að 2,5 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *02-913-5.21 Viðhald*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins sbr. frangreint.

## **401 Hagstofa Íslands.**

*1.01 Hagstofa Íslands.* Lagt er til að 727,9 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á *12-501-1.01 Hagstofa Íslands*, í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrir en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til efnahags- og viðskiptaráðuneytis sem tekur við verkefninu þar sem að heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
01-190-151 Undirb. að hátíðarhöldum vegna tveggja alda afmælis Jóns Sigurðssonar forseta .....	-1,0
01-201-101 Fasteignir forsætisráðuneytis .....	-1,0
01-241-101 Umboðsmaður barna .....	-0,6
01-253-101 Vest-norrænt menningarhús í Kaupmannahöfn .....	-0,5
01-261-101 Óbyggðanefnd .....	-1,5
01-271-101 Ríkislögmaður .....	-1,0
01-902-101 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum .....	-0,7
01-996-101 Rafræn þjónustuveita hins opinbera .....	-0,7
01-996-651 Íslenska upplýsingasamfélagið, sameiginleg verkefni ráðuneyta .....	-6,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-13,0</b>

## 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 661,6 m.kr. Sótt er um 1.259,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 736 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 138,5 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sér-tækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.

*1.01 Tilraunastöð Háskólans að Keldum.* Farið er fram á 3,8 m.kr. framlag vegna kostnaðar af völdum nýrnaveiki í alifiskum árið 2008. Þetta er í samræmi við 16. gr. laga nr. 50/1986 um Rannsóknardeild fisksjúkdóma þar sem segir að kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöðvum, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna



sjúkdóms, skuli greiddur úr ríkissjóði. Á árunum 2004–2006 komu upp nokkur nýrna-veikitilfelli í fiskeldisstöðvum. Af þeim sökum varð embætti dýralæknis fisksjúkdóma að setja þær stöðvar, reglum samkvæmt, í dreifingarbann. Í kjölfarið var gripið til umfangsmikilla rannsókna sem var liður í forvörnum og útrýmingu smitsins úr alifiskunum. Sambærileg mál komu upp árið 2005 og 2006 og voru veittar aukafjárveitingar vegna þeirra í fjárukalögum 2006 og 2007.

### **234 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.**

*1.11 Ritlauna- og rannsóknasjóður prófessora.* Farið er fram á 92,5 m.kr. framlag í tengslum við hæstaréttardóm vegna greiðslu á launatengdum gjöldum úr sjóðnum. Greiðslan skiptist þannig að 86,7 m.kr. tilheyrir Háskóla Íslands, 4,1 m.kr. Háskólanum á Akureyri og 1,7 m.kr. Kennaraháskóla Íslands.

### **299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.**

*1.90 Háskólastarfsemi.* Farið er fram á að 73 m.kr. hækkun fjárveitingar, en ríkisstjórnin samþykkti þann 14. apríl sl. tvær tillögur um sumarnám háskólanemenda. Annars vegar er um að ræða 68 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna samstarfs við Vinnu-málastofnun um að kannaðar verði leiðir til að tryggja að sem flestir stúdentar sem eiga kost á lánshæfu sumarnámi skrái sig í það. Miðað er við að fjárveitingin skiptist með eftirfarandi hætti: 40 m.kr. til Háskóla Íslands, 10 m.kr. til Háskólans á Akureyri, 5 m.kr. til Háskólans í Reykjavík, 8 m.kr. til Háskólans á Bifröst og 5 m.kr. til Listaháskóla Íslands. Hins vegar er um að ræða 5 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs til að fjölga úrræðum fyrir atvinnulausa námsmenn.

*1.91 Háskólar, óskipt.* Farið er fram á 35 m.kr. framlag til RES Orkuskóla á Akureyri. Framlaginu er ætlað styrkja núverandi rekstrargrunn skólans. Með framlaginu fæst sama upphæð og fékkst á fjárlögum 2008 eða samtals 60 m.kr. en á fjárlögum 2009 var búið að veita 25 m.kr. til skólans.

### **319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.90 Framhaldsskólar, óskipt.* Farið er fram á 48 m.kr. hækkun fjárveitingar vegna kostnaðar við að innrita alla nemendur yngri en 18 ára í framhaldsskóla. Óvenju mikil aðsókn hefur verið í framhaldsskóla landsins. Í byrjun ágúst var ljóst að ríflega 100 nemendur yngri en 18 ára kæmust ekki inn í framhaldsskólana, þrátt fyrir ákvæði um fræðsluskyldu, nema gripið yrði til sérstakra aðgerða. Unnið hefur verið að því í mennta- menningarmálaráðuneytinu að skapa námsúrræði fyrir þessa nemendur. Niðurstaðan er sú að 48 m.kr. vanti upp á til að geta tryggt nemendunum viðunandi úrræði. Leitað hefur verið eftir samstarfi við nokkra framhaldsskóla og Námsflokka Reykjavíkur um að veita nemendum skólavist við hæfi.

**368 Menntaskóli Borgarfjarðar.**

*1.01 Menntaskóli Borgarfjarðar.* Óskað er eftir 31,8 m.kr. framlagi vegna nemendafjölgunar í skólanum. Menntaskóli Borgarfjarðar hefur haft þá sérstöðu að hann er nýr og í vaxtaferli þ.e. það eru að bætast við árgangar án tilsvaramandi fækkunar vegna nemenda sem ljúka námi. Við frágang fjárlaga 2009 og undirbúnings vegna fjárlagafrumvarps fyrir árið 2010 hefur láðst að taka tillit til þessa. Þannig er í forsendum ennþá gert ráð fyrir að fjöldi ársnemenda við skólann verði um 100 þegar rétt hefði átt að gera ráð fyrir að hann yrði um 150 árið 2009. Bráðabirgðatölur frá skólanum staðfesta að vaxtaferli skólans er í samræmi við fyrrgreint.

**872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.**

*1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Óskað er eftir 315 m.kr. framlagi til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Ríkisstjórnin samþykkti að leggja til að sjóðurinn fái allt að 660 m.kr. vegna námslána til sumarnámskeiða umfram það sem áætlað er fyrir í fjárlögum og heimila sjóðnum að auka lántölu um 650 m.kr. Eftirspurn eftir sumarnámi reyndist hins vegar minni en áætlanir gerðu ráð fyrir og er því farið fram á 315 m.kr. fjárheimild vegna sumarlána sem svarar til 1.200 lánsþega. Samtals er áætlað að um 1.700 manns stundi sumarnám en í fjárlögum 2009 eru nú þegar fjárheimildir fyrir a.m.k. 500 lánsþegum vegna sumarnáms.

**904 Þjóðmenningarhúsið.**

*1.01 Þjóðmenningarhúsið.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 103 m.kr. fjárheimild af 01-251-1.01 Þjóðmenningarhúsið samanber umfjöllun um þann lið.

**913 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.**

*1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 33 m.kr. fjárheimild af 01-255-1.01 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins samanber umfjöllun um þann lið.

*5.21 Viðhald.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 2,5 m.kr. fjárheimild af 01-255-5.21 Viðhald samanber umfjöllun þar um.

**969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.**

*6.95 Menningarhús.* Sótt er um 30 m.kr. fjárveitingu til að ljúka greiðslum á hlut ríkisins í uppbyggingu og endurbótum á Miðgarði í Skagafirði sem er eitt af þeim menningarhúsum sem ríkissjóður hefur tekið þátt í að byggja á landsbyggðinni.

**971 Ríkisútvarpið.**

*1.10 Ríkisútvarpið.* Farið er fram á að fjárveiting til Ríkisútvarpsins ohf hækki um 630 m.kr. í ljósi þeirrar erfiðu rekstrarstöðu sem stofnunin er komin í. Er þá einnig litið til þess að áætlað er að innheimtar skatttekjur ríkissjóðs af útvarpsgjaldi verði 3.575 m.kr. á árinu 2009 eða 630 m.kr. meiri en framlag til RÚV í fjárlögum 2009. RÚV hefur átt við mikinn rekstrarvanda að etja, að nokkrum hluta vegna fjármagnskostnaðar á lífeyrisskuldbindingar. Í byrjun árs 2009 var ljóst að eigið fé félagsins var uppuríð. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir að breyta 560 m.kr. af skuldum hlutafélagsins við ríkissjóð í hlutafé til að mæta því. Með þessum aðgerðum er áætlað að eigið fé í árslok 2009 muni verða jákvætt.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
02-101-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-6,6
02-201-101 Háskóli Íslands .....	-117,6
02-210-101 Háskólinn á Akureyri .....	-17,8
02-225-101 Háskólinn á Bifröst .....	-3,5
02-227-101 Háskólinn í Reykjavík .....	-21,7
02-228-101 Listaháskóli Íslands .....	-6,7
02-269-521 Viðhald .....	-5,0
02-299-190 Háskólastarfsemi .....	-38,3
02-316-105 Fasteignir skóla .....	-23,5
02-316-521 Viðhald .....	-10,0
02-318-601 Menntaskólinn í Reykjavík .....	-30,0
02-318-654 Fjölbrautaskóli Vesturlands .....	-10,0
02-318-660 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ .....	-40,0
02-318-663 Framhaldsskólinn á Laugum .....	-15,0
02-318-672 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð .....	-26,4
02-318-695 Tæki og búnaður, óskipt .....	-19,5
02-319-111 Sameiginleg þjónusta .....	-29,9
02-319-115 Prófkostnaður .....	-10,0
02-319-117 Námskrángerð .....	-10,0
02-319-118 Námsfemisgerð .....	-49,9
02-319-128 Mat á skólastarfi .....	-5,0
02-319-141 Framkvæmd nýrrar skólafestu .....	-35,0
02-451-111 Símenntun og fjarkennsla .....	-5,0
02-451-112 Námskeið og ráðgjöf .....	-21,8
02-720-131 Sérstök fræðsluverkefni .....	-12,0
02-720-134 Sprotasjóður .....	-10,0
02-884-101 Jöfnun á námskostnaði .....	-50,0
02-902-521 Endurbætur húsa í vörslu Þjóðminjasafnsins .....	-5,0
02-904-101 Þjóðmenningarhúsið .....	-1,5
02-913-101 Gljúfrasteinn - Hús skáldsins .....	-0,5
02-969-682 Geymsluhúsnæði safna .....	-21,0
02-969-696 Byggðasöfn .....	-2,8
02-971-110 Ríkisútvarpið .....	-60,0
02-999-198 Ýmis framlög menntamálaráðuneytis .....	-15,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-736,0</b>

### 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis lækki um 1.001,6 m.kr. Lögð er til 899,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna aukinna útgjaldaskuldbindinga en á móti falli niður 1.982 m.kr. fjárheimild vegna verkefna sem ekki eru horfur á að verði af á árinu þannig að útgjöld lækki um 1.082,9 m.kr., nettó, vegna þessara málefna. Því til viðbótar er lögð til 191 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 272,3 m.kr. fjárheimildir

fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### **101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Farið er fram á 86,8 m.kr. hækkun fjárheimildar. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 53,4 m.kr. fjárheimild af *01-231-1.01 Norðurlandaskrifstofa forsætisráðuneytis* samanber umfjöllun um þann lið. Auk þess er óskað eftir 33,4 m.kr. vegna kostnaðar við vinnu erlendra ráðgjafa í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Um er að ræða aðkeypta ráðgjöf frá Hollandi og Bretlandi.

### **111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.**

*1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.* Óskað er eftir 50 m.kr. framlagi vegna þýðinga í kjölfar umsóknar um aðild að ESB. Utanríkisráðuneytið gerir ráð fyrir að það þurfi að ráða 24 þýðendur og að umfang þýðinga sé um 30 til 50 þúsund blaðsíður.

### **300 Sendiráð Íslands.**

*6.21 Fasteignir.* Lögð er til 1.982 m.kr. niðurfelling fjárheimildar þar sem áform um að selja fasteignir á vegum sendiráða erlendis hafa ekki gengið eftir eins og stefnt var að. Gert var ráð fyrir að selja sendiráðsbústaði í Washington, New York, Osló og London á þessu ári fyrir um 3 milljarða kr. og að aðrar fasteignir yrði keyptar fyrir tæpa 2 milljarða. Á móti er tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 2009 lækkuð sem nemur áformaðri eignasölu.

### **401 Alþjóðastofnanir.**

*1.11 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á liðinn 218,9 m.kr. fjárheimild af *01-231-1.61 Framlag til norrænu ráðherranefndarinnar* samanber umfjöllun um þann lið.

*1.73 Þróunarsjóður EFTA.* Óskað er eftir 860 m.kr. hækkun á fjárveitingu vegna greiðslu í þróunarsjóðinn. Með samningum í tengslum við stækkun ESB og EES var samið um aukin framlög EFTA-ríkjanna þriggja til fjármögnunar á umbótum og uppbyggingu í þeim aðildarríkjum ESB sem standa illa í efnahagslegu tilliti.

Markmiðið er að jafna samkeppnisstöðu þeirra aðildarríkja sem standa að innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins með því að draga úr efnahagslegri og félagslegri misskiptingu innan svæðisins. Löndin sem njóta góðs af þessum verkefnum eru þau sem gengið hafa í ESB frá 2004 auk Spánar, Portúgals og Grikklands. Í samningaviðræðum hefur Ísland ávallt lagt á það ríka áherslu að engin lagaleg skuldbinding standi til greiðslna af þessu tagi sem birtist í því að ávallt hefur verið samið til 5 ára í senn. Framlagið er í formi greiðslna vegna verkefna á vegum þróunarsjóðsins á tímabilinu 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Töluverður tími hefur yfirleitt liðið frá því styrkhæf verkefni fara í umsóknarferli þar til þau eru afgreidd og greiðslur til sjóðsins vegna þeirra hefjast. Frá stofnun EES hefur Ísland greitt sem svarar til um það bil einni milljón evra á ári til þróunarsjóðsins. Gert er ráð fyrir að greiðslur ársins 2009 geti orðið um 950 m.kr. en 88,7 m.kr. fjárheimild er til staðar í fjárlögum 2009 þannig að fjárvöntunin er 860 m.kr. Er þá miðað við að meðalgengi evru verði 171 og að greiðslurnar verði um 5,5 milljónir evra á árinu en nokkur óvissa er um þá áætlun. Um er að ræða greiðslur sem falla til vegna verkefna sem tilheyra samningstímabilinu 2004 til 2009. Fjárheimild í fjárlögum hafði verið lækkuð mikið í ljósi þess að umtalsverðar afgangsheimildir höfðu safnast upp og verið fluttar milli ára. Nú þykir heppilegri framsetning að fjárlögin sýni betur útgjöldin eins og þau falla til á hverju ári fremur en að nýttar verði eldri fjárheimildir. Er því gert ráð fyrir að afgangsheimildirnar verði felldar niður í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir árið 2008. Gerð er tillaga um sambærilega hækkun fjárheimildarinnar í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2010.

## **611 Útflutningsráð Íslands.**

*1.10 Útflutningsráð Íslands.* Gert er ráð fyrir að framlag til Útflutningsráðs lækki um 44,3 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi sem lagt er á gjaldstofn tryggingagjalds.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
03-101-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-10,0
03-101-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-1,0
03-214-101 Varnarmálastofnun .....	-50,0
03-300-101 Sendiráð Íslands .....	-10,0
03-390-101 Almennur rekstur .....	-10,0
03-390-111 Þróunaraðstoð .....	-10,0
03-391-110 Jarðhitaskóli Sameinuðu þjóðanna .....	-12,0
03-391-115 Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna .....	-8,0
03-391-130 Mannúðarmál og neyðaraðstoð .....	-40,0
03-391-190 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt .....	-40,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-191,0</b>

#### 04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 1.621,4 m.kr. Sótt er um 1.727,4 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 106 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

##### 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lögð er til 8 m.kr. lækkun á framlagi til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Á síðari hluta ársins 2009 verður gætt ýtrasta aðhalds í hagsmunagæslu á erlendum vettvangi og einungis þeir fundir sóttir sem nauðsynlegir teljast vegna mikilla hagsmuna. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna launamála lækki um 2 m.kr., kostnaður vegna hagsmunagæslu erlendis lækki um 3 m.kr. og almennt aðhald í rekstri leiði til 3 m.kr. lækkunar á útgjöldum aðalskrifstofu. Samtals nemur lækkunin því um 8 m.kr.

**190 Ýmis verkefni.**

*1.01 Innleiðing gagnagrunna á lögbýlum.* Lagt er til að 5 m.kr. framlag til liðarins falli niður, en tillagan er liður í áformum stjórnvalda um aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs árið 2009.

**215 Fiskistofa.**

*1.01 Fiskistofa.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins lækki um 18 m.kr. Annars vegar er lagt til að veitt verði 4 m.kr. framlag vegna kostnaðar við eftirlits með hvalveiðum. Eftirlitið snýr að því að fylgjast með veiðum á 100 hrefnum og 150 langreyðum yfir sumarmánuðina og fram á haustið þ.á.m. með eftirliti um borð í hvalveiðiskipum í samræmi við veiðikvóta sem gefnir voru út eftir afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2009. Hins vegar er lögð til 22 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Fiskistofa mun ná fram sparnaðinum á árinu m.a. með því að ráða ekki í störf sem losnað hafa en rekstraráætlun gerði ráð fyrir að þau yrðu endurönnuð.

**234 Matvælastofnun.**

*1.01 Matvælastofnun.* Lögð er til 17 m.kr. lækkun á framlögum til stofnunarinnar. Tillagan er liður í áformum stjórnvalda um aukið aðhald í útgjöldum ríkissjóðs árið 2009. Ráðningum í laus störf verður frestað þar til síðar í haust, gætt verður aðhalds í kaupum á sérfræðipjónustu og er þá sérstaklega horft til tölvupjónustu og þá verður ýtrasta aðhalds gætt á öðrum sviðum. Einungis verða sendir fulltrúar á fundi erlendis sem bráðnauðsynlegir teljast vegna mikilla hagsmuna á sviði matvælaframleiðslu.

**401 Hafrannsóknastofnunin.**

*1.01 Hafrannsóknastofnunin.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 5 m.kr. Annars vegar er lagt til að veitt verði 30 m.kr. framlag vegna ófyrirséðs kostnaðar í tengslum við loðnuleit og rannsóknir stofnunarinnar. Staðan varðandi loðnumælingar í byrjun ársins var sú að haustið 2007 tókst ekki að mæla eins árs loðnu og áætla veiðistofn á vertíðinni 2008/2009 þannig að ekki var hægt að leggja til upphafskvóta á vertíðinni. Ekki tókst heldur að ná mælingu af veiðistofninum svo unnt yrði að leggja til aflamark á vertíðinni þrátt fyrir verulegt úthald rannsóknaskipa. Mest höfðu mælst 385 þúsund tonn eða rétt undir því marki sem miðað er við. Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir 2009 var gert ráð fyrir 52. daga úthaldi rannsóknaskipa til loðnuleitar og -mælinga og ljóst var í febrúar að ekki væri unnt að halda úti nauðsynlegri vöktun á loðnumiðunum nema bæta við 17 dögum og fara fram á viðbótarframlag í fjárukalögum þessa árs. Hins vegar er lögð til 25 m.kr. lækkun fjárveitingar vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Hafrannsóknastofnunin mun draga úr úthaldi rannsóknaskipa á síðari hluta ársins um 15 daga frá rekstraráætlun með eftirfarandi hætti:



Loðnuleiðangur mun standa í 18 daga í stað 22, vorleiðangur var skorinn niður um 3 daga og stóð í 12 daga í stað 15 og rannsóknir á síld í Austurdjúpi og makrilleiðangur mun standa í 22 daga í stað 26 eins og fyrirhugað var. Þá er gert ráð fyrir að kvörðun tækjabúnaðar á rannsóknaskipunum sem áætlað var að tæki 10 daga verði gerð á 6 dögum.

### **811 Bændasamtök Íslands.**

*1.11 Ráðgjafafjónusta og búfjárrækt.* Lögð er til 6,6 m.kr. lækkun fjárveitingar á endurmetnu verðlagi 2009 í samræmi við samning, dags. 17. maí 2005, um verkefni samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998, þar sem nú er gert ráð fyrir að verðbólga milli ára verði lægri en reiknað var með í fjárveitingu fjárlaga 2009.

### **824 Verðmiðlun landbúnaðarvara.**

*1.10 Verðmiðlun landbúnaðarvara.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 93 m.kr. Í nóvember 2007 lagði þáverandi landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem lagt var til að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. yrði afnumið. Verðmiðlunargjald landbúnaðarvara hefur hingað til verið notað sem rekstrarstyrkir til afurðastöðva, til að jafna flutningskostnað framleiðenda og til að styrkja flutning hráefnis og mjólkurvara milli afurðastöðva og til fjarlægari staða þar sem ekki eru fyrir afurðastöðvar. Frumvarp um niðurfellingu verðmiðlunargjaldanna hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi og því þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af gjöldunum.

*1.11 Verðtilfærslugjald á mjólk.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 312 m.kr. Í nóvember 2007 lagði þáverandi landbúnaðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem lagt var til að lögbundið verðmiðlunargjald skv. 19 gr. laganna og lögbundið verðtilfærslugjald skv. 22. gr. yrði afnumið. Verðtilfærslugjald á mjólk hefur verið notað til að lækka verð tiltekinna afurða í heildsölu. Frumvarp um niðurfellingu verðtilfærslugjalda hefur ekki náð fram að ganga á Alþingi og því þarf að hækka fjárheimild liðarins sem nemur áætluðum tekjum af gjöldunum.

### **827 Fóðursjóður.**

*1.10 Fóðursjóður.* Lagt er til að fjárheimild liðarins hækki um 1.285 m.kr. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að Fóðursjóður yrði lagður niður í áföngum á þremur árum. Fjárheimild liðarins var 615 m.kr. í fjárlögum 2007 en var lækkuð um 300 m.kr. árið 2008 og síðan aðrar 200 m.kr. í fjárlögum 2009. Fjárheimild Fóðursjóðs í fjárlögum 2009 er 115 m.kr. Í ljósi þess að ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar lagabreytingar á lögum um framleiðslu, sölu og verðlagningu búvara um niðurfellingu sjóðsins þarf að

hækka fjárheimild liðarins um 1.285 m.kr. á þessu ári en gert er ráð fyrir að tekjur Fóðursjóðs af innflutningsgjöldum af fœðri verði 1.400 m.kr. árið 2009.

### 853 Bjargráðasjóður.

*1.10 Bjargráðasjóður.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til þessa nýja fjárlagaliðar ráðuneytisins. Með breyttum lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist á þennan fjárlagalið hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Sambærilega tillögu um 10 m.kr. lækkun fjárheimildar er að finna undir lið *10-811-1.10* hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
04-190-132 Starfsmenntun, markaðsöflun, kynning og tilraunir .....	-5,0
04-190-133 Kynning erlendis á nýtingu á auðlindum hafisins .....	-5,0
04-411-101 Matvælarannsóknir .....	-7,0
04-811-111 Ráðgjafþjónusta og búfjárrækt .....	-8,0
04-891-191 Loðdýrafóður .....	-4,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-29,0</b>

## 06 Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dómsmála- og mannréttindaráðuneytis verði aukin um 3.918,8 m.kr. Sótt er um 3.644,4 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 564,9 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 839,3 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki

fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### **111 Kosningar.**

*1.10 Kosningar.* Lagt er til að framlag liðarins verði aukið um 200 m.kr. til að standa undir útgjöldum vegna framkvæmdar kosninga til Alþingis á árinu 2009 sem ekki var gert ráð fyrir í fjárlögum. Með lagabreytingu nr. 162/2006, um fjármál stjórn mála-samtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, er kveðið á um þá breytingu að í lögum um kosningar til Alþingis komi ríkissjóður í stað sveitarsjóða að því er varðar greiðslu kostnaðar sem sveitarsjóðir höfðu áður borið. Er þar um að ræða kostnað vegna starfa undirkjörstjórna og kjörstjórna, fyrir húsnæði til kjörfunda o.fl. Breytt fyrirkomulag á þessu er með þeim hætti að ríkið greiðir sveitarstjórnnum 430 kr. fyrir hvern mann á kjörskrá og 300 þús. kr. fyrir hvern kjörstað en að sveitarstjórnir annast um framkvæmd kosninganna eins og verið hefur, þ.á.m. að greiða þóknanir til starfsfólks kjörstjórnar, útvega húsnæði og aðstöðu o.þ.h.

### **190 Ýmis verkefni.**

*1.93 Dómsmál, ýmis kostnaður.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 36,7 m.kr. Annars vegar er óskað eftir 30,2 m.kr. fjárveitingu vegna lokauppgjörs vegna kostnaðar við sérstakan saksóknara í svokölluðu Baugsmáli sem lauk í fyrra. Fé var veitt til verkefnisins í fjárukalögum 2006 og 2007. Lokauppgjörið nemur rúmum 30 m.kr. og ekki var gert ráð fyrir þeim í fjárlögum. Um er að ræða launagjöld vegna sérstaks saksóknara og löglærðs aðstoðarmanns hans, auk aðkeyprtar lögfræðipjónustu. Samanlagður kostnaður þessi þrjú ár nemur þá 108 m.kr. Hins vegar er gerð tillaga um 6,5 m.kr. framlag til sérstaks ríkissaksóknara í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 19. júní sem hefur eftirlit með embætti sérstaks saksóknara og sinnir þeim skyldum sem ríkissaksóknara er falið að sinna gagnvart embættinu skv. lögum um meðferð sakamála.

### **210 Héraðsdómstólar.**

*1.01 Héraðsdómstólar.* Óskað er eftir 18,7 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna aukinna verkefna Héraðsdómstóla. Í lögum nr. 50/2009 um greiðsluaðlögun fasteignaverðkrafna er dómstólum falið nýtt verkefni, þar sem skuldari leitar greiðsluaðlögunar með beiðni til héraðsdómstóls. Héraðsdómari úrskurðar um beiðnina og skipar umsjónarmann, með svipuðum hætti og gilt hefur um nauðasamninga. Dómstólarnir áætla að vegna þessa þurfi að ráða tímabundið 4 löglærða aðstoðarmenn dómara auk tveggja lagaritara. Gert er ráð fyrir að ráðning sé til áramóta.

**231 Málskostnaður í opinberu málum.**

*1.10 Málskostnaður í opinberum málum.* Lögð er til 20 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Gert er ráð fyrir að viðmiðunargjaldskrá dómstólaráðs vegna þóknunar til lögmannna og réttargæslumanna verði lækkuð um 10–12% og að öllu öðru óbreyttu skilar það um 20 m.kr. lækkun útgjalda það sem eftir er ársins.

**232 Opinber réttaraðstoð.**

*1.10 Opinber réttaraðstoð.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 80 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 50 m.kr. fjárheimild vegna lögfestingar á lögum nr. 24/2009 um greiðsluaðlögun. Um er að ræða greiðslur til lögmannna sem mæta eiga kostnaði við samningagerð við lánadrottna vegna þeirra einstaklinga sem sækja um greiðsluaðlögun. Þóknun lögmannna verður ákveðin af dómara. Hún verður ekki hærri en 200 þús.kr. á hvert mál en heildarmálafjöldi er mjög óviss. Miðað við reynslu af fjölda nauðasamninga hefur verið áætlað að um 200 mál á ári gætu fallið undir ákvæðin um greiðsluaðlögun. Í öðru lagi er farið fram á 30 m.kr. fjárheimild vegna laga um tíma-bundna aðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði sem tóku gildi þann 15. maí sl. Samkvæmt þeim getur dómari skipað tilteknum einstaklingum umsjónarmann til að leita greiðsluaðlögunar. Mikil óvissa er þó um heildarkostnað úrræðisins en hámarksþóknun miðast við 200 þús.kr. á hvert mál og ef 150 mál koma til sögunar í upphafi þá geta heildargjöldin orðið um 30 m.kr. Í þriðja lagi er lagt til að veitt verði 20 m.kr. aukaframlag vegna samnings ráðuneytisins við Ráðgjafastofu heimilanna. Samningurinn byggir á heimild í lögum nr. 24/2009 um greiðsluaðlögun en hlutverk Ráðgjafastofunnar er að aðstoða einstaklinga við gagnaöflun og undirbúning umsóknar um greiðsluaðlögun. Í fjórða lagi er lögð til 20 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Gerðar hafa verið breytingar á lögum sem miða að því að takamarka gjafsókn í öllum tilvikum við efnahag, auk þess að setja hámark á stuðning í einstökum málaflokkum.

**309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008.**

*1.01 Sérstakur saksóknari.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 235,3 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 140. m.kr. hækkun heimildar í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 27. mars sl. um tillögur um fjárveitingar til embættis sérstaks saksóknara í tengslum við fall bankanna. Miðað er við að starfsmenn verði allt að 16 í föstum stöðugildum en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir 5 starfsmönnum. Að auki hefur saksóknarinn gert samning við norsk/franska saksóknarann Evu Joly um að aðstoða embættið. Áætlað er að útgjöld vegna hennar og starfsfólks á hennar vegum geti orðið um 50 m.kr. á árinu. Samtals eru gjöldin áætluð 190 m.kr. en í fjárlögum var gert ráð fyrir 50 m.kr. til embættisins. Í öðru lagi er óskað eftir 80 m.kr. hækkun heimildar í sam-

ræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 17. júlí sl. um sérstakt rannsóknarverkefni Markmið þess er að draga saman heildarlýsingu á atburðarás sem var undanfari bankahrunsins í október sl. byggða á gögnum og upplýsingum frá Rannsóknarnefnd Alþingis, gögnum frá Fjármálaeftirlitinu, skattýfirvöldum o.fl. Auk þess er gert ráð fyrir að rekja gögn á bak við bókhaldsfærslur bankanna marga mánuði aftur í tímann, þannig að tryggt sé að hugsanlega stórfelld athæfi aðila tengdum bönkunum komi til rannsóknar hjá embættinu. Í þriðja lagi er óskað eftir 15,3 m.kr. hækkun á heimild í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt frá 19. júní sl. en gert er ráð fyrir að ráðnir verði 3 saksóknarar til embættisins til viðbótar við sérstaka saksóknarann. Jafnframt verða gerðar skipulagsbreytingar innan embættisins í samræmi við ráðgjöf Evu Joly. Áætluð viðbótargjöld ársins vegna þess nema 15,3 m.kr. en tvöföld sú fjárhæð á heilu rekstrarári.

### 312 Lögreglustjórnin á Suðurnesjum.

Í kjölfar þess að öll öryggisgæsla á flugvælinum í Keflavík færir frá embætti Lögreglustjórnans á Suðurnesjum til Keflavíkurflugvallar ohf. og tollgæslan færir til Tollstjórnans falla niður allar sértekjur embættisins, en á móti kemur að launagjöld og önnur rekstrargjöld vegna þessara verkefna lækka samsvarandi. Samhliða þessum breytingum er gerð leiðrétting á tegundaskiptingu hjá embættinu sem verða til þess að fjárheimildir viðfangsefnisins *1.01 Yfirstjórn* hækka um 14,2 m.kr., en viðfangsefnið *1.20 Löggaesla* lækkar að sama skapi um 14,2 m.kr. Framlag úr ríkissjóði er óbreytt eftir sem áður.

### 395 Landhelgisgæsla Íslands.

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Óskað er eftir 14,5 m.kr. heimild vegna kaupa á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Nú í sumar kom ný Dash-8 flugvél í stað Fokkervélar sem var orðin meira en 30 ára gömul. Gerð er tillaga sem nemur viðbótarrekstrarkostnaði í hálf ár. Forsendur miðast jafnframt við að vélinni sé flogið um 600 klst. á heilu ári en það er lágmarksúthald til þess að flugmenn haldi fullum réttindum sínum. Í rekstrarkostnaði munar mest um auknar tryggingar og eldsneyti sem hækkar verulega frá fyrri flugvél.

### 396 Landhelgissjóður Íslands.

*6.41 Landhelgissjóður Íslands.* Óskað er eftir 3.115 m.kr. fjárveitingu til að ljúka kaupum á nýrri flugvél fyrir Landhelgisgæsluna. Í samræmi við samning um smíði á nýrri eftirlitsflugvél var 70% kaupverðsins greitt í byrjun júlímánaðar að fjárhæð 22.562 þús. USD auk samningsbundinna varahlutabirgða og eftirlits. Gert hafði verið ráð fyrir því í fjárlögum ársins að kaupum á flugvélinni yrði frestað eða hún tekin á rekstrarleigu. Þau áform gengu ekki eftir og því kemur lokagreiðslan sem viðbót á árinu 2009.

**601 Fasteignaskrá Íslands.**

*1.01 Fasteignaskrá Íslands.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 521,1 m.kr. fjárheimild af *09-402-1.01 Fasteignaskrá Íslands* hjá fjármálaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið.

**705 Kirkjumálasjóður.**

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Lögð er til 20,2 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Kirkjumálasjóðs lækki um 20,2 m.kr. en með breytingu á lögum um lækkun sóknargjalda þá lækka jafnframt framlög til Kirkjumálasjóðs.

**735 Sóknargjöld.**

*1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar.* Lögð er til 114,7 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Sóknargjalda til þjóðkirkjunnar lækki um 114,7 m.kr.

*1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lögð er til 0,8 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Sóknargjalda annarra trúfélaga lækki um 0,8 m.kr.

**736 Jöfnunarsjóður sókna.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sókna.* Lögð er til 27 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í lögum nr. 70/2009 er mælt fyrir um lækkun á gjaldi því sem greitt er mánaðarlega fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga. Gjaldið verður 811 kr. fyrir árið 2009. Vegna þessara breytinga er lagt til að fjárveiting til Jöfnunarsjóðs sókna lækki um 27 m.kr. en með breytingu á lögum um lækkun sóknargjalda, þá lækka jafnframt framlög til Jöfnunarsjóðs sókna.

**801 Neytendastofa.**

*1.01 Neytendastofa.* Farið er fram á að fjárveiting liðarins hækki um 225,4 m.kr. Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 301,2 m.kr. fjárheimild af *12-421-101 Neytendastofa* hjá efnahags- og viðskiptaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið. Hins vegar er lögð til 75,8 m.kr. lækkun á fjárveitingu stofnunarinnar vegna flutnings rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 29/2009, um færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raflagna, flytjast þessi verkefni frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar að öðru leyti en því að hluti af markaðseftirliti með rafföngum verður áfram hjá Neytendastofu. Markaðir tekjustofnar vegna eftirlits með raforkuvirkjum og neysluveitum og helmingur af tekjum fyrir markaðseftirlit með rafföngum flytjast einnig til Brunamálastofnunar samhliða flutningi verkefnanna. Reiknað er með að á móti 75,8 m.kr. lækkun kostnaðar verði stofnunin af 105,1 m.kr. tekjum af þessum gjöldum. Greiðsluframlag ríkissjóðs hækkar á móti um 29,3 m.kr. til að brúa það bil.

**805 Talsmaður neytenda.**

*1.01 Talsmaður neytenda.* Vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins flyst á þennan nýja fjárlagalið 17 m.kr. fjárheimild af *12-425-101 Talsmaður neytenda* hjá efnahags- og viðskiptaráðuneyti samanber umfjöllun um þann lið.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
06-101-101 Dóms- og mannréttindamálaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-6,5
06-106-101 Þjóðskrá .....	-5,4
06-201-101 Hæstiréttur .....	-1,9
06-210-101 Héraðsdómstólar .....	-17,2
06-235-110 Bætur brotaþola .....	-14,0
06-251-101 Persónuvernd .....	-1,2
06-303-101 Ríkislögreglustjóri .....	-23,6
06-305-101 Lögregluskóli ríkisins .....	-4,2
06-310-101 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu .....	-57,1
06-341-125 Átak í löggæslu vegna fikniefnamála .....	-20,0
06-390-110 Ýmis löggæslukostnaður .....	-1,7
06-395-190 Landhelgisgæsla Íslands .....	-48,7
06-411-101 Sýslumaðurinn í Reykjavík .....	-5,9
06-412-120 Löggæsla .....	-3,4
06-413-101 Yfirstjórn .....	-3,0
06-414-120 Löggæsla .....	-3,3
06-415-101 Sýslumaðurinn í Búðardal .....	-0,5
06-416-101 Sýslumaðurinn á Patreksfirði .....	-0,7
06-417-101 Sýslumaðurinn í Bolungarvík .....	-0,5
06-418-120 Löggæsla .....	-5,9
06-419-101 Sýslumaðurinn á Hólmavík .....	-0,5
06-420-120 Löggæsla .....	-3,5
06-421-120 Löggæsla .....	-2,7
06-422-101 Sýslumaðurinn á Siglufirði .....	-1,0
06-424-120 Löggæsla .....	-9,0
06-425-120 Löggæsla .....	-3,3
06-426-101 Yfirstjórn .....	-3,3
06-428-120 Löggæsla .....	-4,6
06-429-101 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði .....	-0,7
06-430-101 Yfirstjórn .....	-0,8
06-431-120 Löggæsla .....	-3,2
06-432-120 Löggæsla .....	-3,0
06-433-120 Löggæsla .....	-6,4
06-434-101 Sýslumaðurinn í Reykjanesbæ .....	-2,8
06-436-101 Sýslumaðurinn í Hafnarfirði .....	-3,6
06-437-101 Sýslumaðurinn í Kópavogi .....	-3,3
06-491-501 Viðhald húseigna .....	-8,0
06-501-101 Fangelismálastofnun ríkisins .....	-20,5
06-601-101 Fasteignaskrá Íslands .....	-4,5
06-701-101 Biskup Íslands .....	-26,2
06-733-111 Kirkjugarðar .....	-20,0
06-801-101 Neytendastofa .....	-6,3
06-805-101 Talsmaður neytenda .....	-0,3
<b>Samtals .....</b>	<b>-362,2</b>



## 07 Félags- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félags- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 2.514,7 m.kr. Sótt er um 4.579,7 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 2.065 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sér- tækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmislegt.* Lögð er til 55 m.kr. lækkun á fjárheimild í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Verkefnum sem fyrirhuguð voru og tengjast aðgerðaráætlunum verður frestað.

### 205 Leiguíbúðir.

*6.21 Leiguíbúðir.* Óskað er eftir 375 m.kr. greiðsluheimild til að greiðan niður vexti lána sem veitt hafa verið til bygginga leiguíbúða. Frá árinu 1999 hefur Íbúðalánasjóður veitt verðtryggð lán til nýrra leiguíbúða gegn framlagi úr ríkissjóði til greiðslu á vaxtamunar almennra útlánsvaxta sjóðsins og 3,5% útlánsvaxta. Lán þessi hafa verið veitt í samræmi við samkomulag félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra frá júlí 2001 og september 2005. Vegna verðbóta, þ.e. reiknaðs vaxtamunar á verðbætur, var skuld ríkissjóðs við Íbúðalánasjóð í árslok 2008 tæpar 208 m.kr. Á árinu er áætlað að greiðslur ríkisins vegna niðurgreiðslu vaxtamunar hækki um tæpar 167 m.kr. á árinu 2009. Til að greiða upp fyrri skuld sem hefur myndast og auknar greiðslur á árinu 2009, er óskað eftir 375 m.kr. greiðsluheimild. Almennt má segja að skuldin hafi myndast af tveimur megin ástæðum. Annars vegar hefur vaxtamunurinn verið nokkuð meiri en áætlað hefur verið í forsendum fjárlaga og hins vegar hefur framlag ríkissjóðs ekki verið verðbætt. Samhliða ört hækkandi verðbólgu hafa verðbætur á vexti aukist verulega.

### 505 Öldrunarstofnanir, almennt.

*6.27 Jaðar, Ólafsvík.* Lagt er til að millifærðar verði 85 m.kr. á viðfangsefnið til að fjármagna kostnað ríkissjóðs við byggingu heimilisins. Fjárhæðin verður millifærð af viðfangsefni 07-505-6.82 *Hjúkrunarheimili í Kópavogi.*

*6.82 Hjúkrunarheimili í Kópavogi.* Lagt er til að fjárheimild lækki um 320 m.kr.

Annars vegar eru millifærðar verði 235 m.kr. af þessu viðfangsefni á 07-505-6.86 *Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík*. Tillagan byggir á áætlun Framkvæmdasýslu ríkisins um kostnað á árinu 2009. Hins vegar er lagt til að millifærðar verði 85 m.kr. af viðfangsefninu til að fjármagna kostnað ríkissjóðs við byggingu hjúkrunarheimilisins Jaðars, Snæfellsbæ, þ.e. að fjárveitingin verði færð á 07-505-6.27 *Jaðar, Ólafsvík*.

6.86 *Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík*. Farið er fram á að fjárheimild hækki um 252,6 m.kr. Annars vegar er óskað eftir að millifærðar verði á viðfangsefnið 235 m.kr. af 07-505-6.82 *Hjúkrunarheimili í Kópavogi*. Hins vegar er óskað eftir að millifærðar verði á viðfangsefnið 17,6 m.kr. af 07-505-6.99 *Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt*.

6.99 *Bygging hjúkrunarheimila og endurhæfingarstofnana, óskipt*. Lagt er til að millifærðar verði 17,6 m.kr. af viðfangsefninu til að fjármagna kostnað ríkissjóðs á 07-505-6.86 *Hjúkrunarheimilið Suðurlandsbraut 66, Reykjavík*.

### 515 Framkvæmdasjóður aldraðra.

6.21 *Stofnkostnaður og endurbætur*. Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækki um 28 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi til sjóðsins og með hliðsjón af niðurtöðu af skattálagningu ársins 2009. Heildargreiðslur í sjóðinn árið 2009 námu 1.340,1 m.kr en í fjárlögum nam fjárhæðin 1.368,1 m.kr.

### 700 Málefni fatlaðra.

1.50 *Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.* Lagt er til að fjárheimild lækki um 18 m.kr., en fjárveiting viðfangsefnisins hefur verið nýtt til að endurgreiða svæðisskrifstofum kostnað vegna langtímaveikinda starfsmanna.

1.90 *Ýmis verkefni*. Óskað er eftir því að 25 m.kr. verði millifærðar frá Landspítalanum, yfir á 07-700-1.90 *Málefni fatlaðra, ýmis verkefni*. Tillagan er samhljóða millifærslu frá heilbrigðisráðuneyti og byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til framkvæmda á mismunandi tímum á árinu. Heils árs kostnaður vegna þjónustu við viðkomandi einstaklinga er 24,9 m.kr. á verðlagi ársins 2009. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2010.

Viðhaldskostnaður fasteigna svæðisskrifstofa er sinna málefnum fatlaðar, er færður frá Framkvæmasjóði fatlaðra yfir á fjárlagaliði 701-708 um Málefni fatlaðra. Til að mæta þessum auknu útgjöldum eru tekjur af innheimtri húsaleigu einnig fluttar til svæðisskrifstofanna. Í eftirfarandi töflu eru tilgreindar fjárhæðir sem færðar eru til skrifstofanna, en þar sem samsvarandi húsaleigutekjur koma á móti breytast fjárheimildir þeirra ekki.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík .....	24,2
07-702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi .....	13,4
07-703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi .....	2,7
07-704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum .....	0,9
07-707 Málefni fatlaðra, Austurlandi .....	1,7
07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi .....	2,1
<b>Samtals .....</b>	<b>45,0</b>

## 825 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

*1.11 Mæðra- og feðralaun.* Lagt er til að fjárheimildin lækki 30 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

*1.15 Umönnunargreiðslur.* Lagt er til að fjárheimildin hækki um 127 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks. Viðbótarfjárförfin skýrist af tveimur tilefnum. Annars vegar voru umönnunargreiðslur hækkaðar um 6% þann 1. janúar 2008 á meðan aðrar bætur skv. lögum um félagslega aðstoð hækkuðu um 3,5% en ekki var gert ráð fyrir þessu í forsendum fjárlaga. Hins vegar skýrist viðbótarfjárförfin af um 14,5% fjölgun barna í umönnunarflokkum 1–3 milli árána 2007 og 2008. Ekki var reiknað með slíkri fjölgun í forsendum fjárlaga 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu viðbótarfjárförf.

*1.31 Endurhæfingarlífeyrir.* Farið er fram á að fjárveiting hækki um 289 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 330 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tryggingastofnun er heimilt, þegar ekki verður séð hver örorka verður til fram-búðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í tólf mánuði, eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í átján mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir viðurkennda greiningu eða meðferð á eða utan sjúkrastofnunar. Allt þetta ár hafa útgjöld til þessa bótaflokks aukist frá því sem áætlað var og byggist tillagan á endurskoðaðri spá um útgjöld árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu lækkun liðarins. Hins vegar er lögð til 41 m.kr. lækkun fjárveitingar. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna endurhæfingarlífeyris lækki um 41 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

*1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar.* Lagt er til að fjárheimildin hækki um 10 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009. Tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri viðbótarfjárförf.

*1.41 Heimilisuppbót.* Lagt er til að fjárveiting lækki um 637,6 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 15,4 m.kr. hækkun á fjárheimild vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri undir fjármálaráðuneytinu lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimildin lækki 580 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Miklar breytingar hafa verið gerðar á bótum Tryggingastofnunar á undanförmum árum. Talsverð óvissa hefur verið í mati á kostnaði á einstökum þáttum þessara breytinga. Því til viðbótar hefur komið í ljós að fjármagnstekjur hafa verið vantaldar og leiðir það til lækkunar í uppgjöri til bótaþega. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu lækkun fjárheimildar. Í þriðja lagi er óskað eftir 42,5 m.kr. hækkun heimildar vegna 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. á ári eða 350 m.kr. fyrir hálf ár sem svarar til 390 m.kr. hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Fjárheimild viðfangsefnisins Sérstök uppbót lækka á móti vegna hækkunar á tekjutryggingunni og heimilisuppbótinni. Í fjórða lagi er lagt til að fjárheimildin lækki um 115,5 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna heimilisuppbótar lækki um 115,5 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

*1.51 Frekari uppbætur.* Lagt er til að fjárveiting lækki um 315 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 300 m.kr. í samræmi við áætluð útgjöld ársins 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er lögð til sama lækkun liðarins. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 15 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna uppbóta lækki um 15 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

*1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega.* Farið er fram á að fjárveiting hækki um 1.379,7 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 195,7 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri undir fjármálaráðuneytinu lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er óskað eftir 82,5 m.kr. lækkun vegna upptöku 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. á ári eða 350 m.kr. fyrir hálf ár sem samsvarar til 390 m.kr. á hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimildin lækki um 971,5 m.kr. í samræmi við áætluð útgjöld ársins 2009. Útgjöld til þessa bótaflokks voru áætluð nokkuð meiri en raunin hefur orðið á. Annars vegar var gert ráð fyrir 1.242 m.kr. fjárheimild í sérstaka uppbót ellilífeyrisþega og hins vegar 996 m.kr. fyrir örorkulífeyrisþega. Fyrstu sex mánuði ársins voru útgjöld

vegna ellilífeyrisþega 300 m.kr. og örorkulífeyrisþega 270 m.kr. Tillagan gerir því ráð fyrir að til þessa bótaflokks verði varið 1.184 m.kr. Lagt er til að liðurinn lækki um sömu fjárhæð í frumvarpi 2010. Í fjórða lagi er lagt til að millifærðar verði á viðfangið 1.242 m.kr. fjárheimild af 07-827-1.26 *Sérstök viðbót ellilífeyrisþega* sbr. skýringar hér að ofan. Í fimmta lagi er lagt til að millifærðar verði á viðfangið 996 m.kr. fjárheimild af 07-827-1.27 *Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega* sbr. skýringar hér að ofan.

1.55 *Uppbætur vegna bifreiðakaupa*. Óskað er eftir því að 120 m.kr. verða millifærðar af viðfangsefni 08-206-121 *Hjálpartæki* undir heilbrigðisráðuneytinu. Með millifærslunni er allur kostnaður sem tengist bifreiðastyrkjum færður undir félags- og tryggingaráðuneyti sem er í samræmi við gildandi lög og verkskiptingu á milli ráðuneyta.

## 827 Lífeyrstryggingar.

1.11 *Ellilífeyrir*. Lagt er til að fjárheimild lækki um 806 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna ellilífeyris lækki um 806 m.kr. í kjölfar þessara laga-breytinga.

1.15 *Örorkulífeyrir*. Farið er fram á að fjárheimild hækki um 192 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 328 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er farið fram á að liðurinn hækki um sömu fjárhæð. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 136 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna örorkulífeyris lækki um 96 m.kr. og aldurstengd örorkuuppbót um 40 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

1.21 *Tekjutrygging ellilífeyrisþega*. Lagt er til að fjárheimild lækki um 3.207 m.kr. Í fyrsta lagi er óskað eftir 144 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna lægri viðmiðunartekna ellilífeyrisþega. Við afnám uppbóta á ellilífeyri af lið fjármálaráðuneytis lækka viðmiðunartekjurnar en greiðslur almannatrygginga hækka þar á móti. Í öðru lagi er óskað eftir 390 m.kr. hækkun heimildar vegna 10 þús. kr. frítekjumarks á mánuði fyrir lífeyrissjóðstekjur ellilífeyrisþega. Samtals kostar aðgerðin 700 m.kr. ári eða 350 m.kr. fyrir hálf ár sem samsvarar til 390 m.kr. á hækkun í tekjutryggingu, 42,5 m.kr. hækkun í heimilistryggingu en 82,5 m.kr. lækkun í sérstakri uppbót. Sérstök uppbót lækkar á móti vegna hækkunar á tekjutryggingunni og heimilissuppbótinni. Í þriðja lagi er lögð til 2.836 m.kr. lækkun fjárheimildar frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Fjölgun ellilífeyrisþega er minni en reiknað var með. Því til viðbótar hefur komið í ljós að fjármagnstekjur hafa verið vantaldar og leiðir það til lækkunar í uppgjöri til bótaþega. Í fjórða lagi er lagt til

að fjárheimild lækki um 905 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar ellilífeyrisþega lækki um 905 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

*1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.* Farið er fram á að fjárheimild hækki um 87 m.kr. Annars vegar er lagt til að fjárheimildin hækki um 326 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Hins vegar er lagt til að fjárheimildin lækki um 239 m.kr. en með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum eru gerðar ýmsar breytingar á ákvæðum laga um almannatryggingar sem leiða til lækkunar útgjalda um samtals 1.825 m.kr. frá miðju ári 2009. Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna tekjutryggingar örorkulífeyrisþega lækki um 239 m.kr. í kjölfar þessara lagabreytinga.

*1.26 Sérstök viðbót ellilífeyrisþega.* Lagt er til að 1.242 m.kr. fjárheimild þessa viðfangsefnis færist á nýtt viðfangsefni 825-1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega enda eiga greiðslur samkvæmt þessum bóталиð stoð í lögum um félagslega aðstoð.

*1.27 Sérstök viðbót örorkulífeyrisþega.* Lagt er til að 996 m.kr. fjárheimild þessa viðfangsefnis færist á nýtt viðfangsefni 825-1.52 Sérstök uppbót örorkulífeyrisþega enda eiga greiðslur samkvæmt þessum bóталиð stoð í lögum um félagslega aðstoð.

*1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega.* Lagt er til að fjárheimildin lækki um 170 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 en tillagan byggist á endurskoðaðri spá um útgjöld þessa. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri lækkun fjárheimildar.

*1.31 Örorkustyrkur.* Lagt er til að fjárheimild viðfangsefnisins hækki um 15 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sömu viðbótarfjárförf.

*1.35 Barnalífeyrir.* Lagt er til að fjárheimildin hækki um 100 m.kr. frá því sem áætlað var í fjárlögum 2009 miðað við endurskoðaða spá um útgjöld þessa bótaflokks árið 2009. Í frumvarpi til fjárlaga 2010 er gert ráð fyrir sambærilegri viðbótarfjárförf.

## **980 Vinnumálastofnun.**

*1.01 Vinnumálastofnun.* Farið er fram á að útgjaldaheimild vegna starfsemi Vinnumálastofnunar verði aukin um 56,6 m.kr. en að sértekjur hækki jafn mikið þannig að framlag greitt úr ríkissjóði verði óbreytt. Álag á stofnunina hefur aukist umtalsvert frá október 2008. Samhliða mjög hratt vaxandi atvinnuleysi lagði stofnunin áherslu á að greiða jafnan út atvinnuleysisbætur á réttum tíma. Til þess hefur á hinn bóginn þurft að fjölga störfum hjá stofnuninni um þriðjung. Útgjöldin eru fjármögnuð með fyrirframráðstöfun á mörkuðum tekjum Atvinnuleysistryggingarsjóðs af tryggingagjaldi með þeim hætti að sjóðurinn greiðir stofnuninni aukið framlag fyrir umsýsluna samkvæmt þjónustusamningi.

**981 Vinnumál.**

*1.90 Ýmislegt.* Lagt er til að liðurinn lækki um 13 m.kr. vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Felld eru niður framlög sem greidd hafa verið aðilum vinnumarkaðarins og lækkuð útgjöld vegna þátttöku í erlendu vinnumálasamstarfi.

**982 Ábyrgðasjóður launa.**

*1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota.* Lögð er til 25 m.kr. lækkun gjaldaheimildar þar sem horfur eru á að vaxtagjöld sjóðsins af skuld við ríkissjóð verði 125 m.kr. en í fjárlögum var reiknað með 150 m.kr. vaxtakostnaði.

**984 Atvinnuleysistryggingasjóður.**

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Farið er fram á 7.680 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er lagt til að framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækki um 8.000 m.kr. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi á árinu 2009 verði að jafnaði 8,6%, sem svarar til þess að um 14.400 manns verði að jafnaði án atvinnu á árinu þar sem reiknað er með að um 166.000 einstaklinga verði á vinnumarkaði árið 2009. Í forsendum fjárlaga var reiknað með 5,7% atvinnuleysi á árinu. Reikna má með að hvert prósentustig atvinnuleysis kosti u.þ.b. 2.900 m.kr. Hins vegar er lagt til að áætluð útgjöld atvinnuleysisbóta verði lækkuð um 320 m.kr. Til að mæta auknu atvinnuleysi var framboð á sumarnámi aukið. Áætlað er að fjöldi námsmanna í sumarnámi hafi aukist um 1.200 manns. Reiknað er með að flestir af þeim hefðu þegið atvinnuleysisbætur ef sumarnám hefði ekki staðið til boða. Forsendur fyrir þessum sparnaði hjá atvinnuleysistryggingasjóði eru að námsmenn séu að meðaltali með um 75% bótarétt og hefðu fengið grunntatvinnuleysisbætur í 2,25 mánuði.

*1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.* Gert er ráð fyrir að framlag af þessu viðfangsefni hækki um 56,6 m.kr. til að mæta skuldbindingum sjóðsins gagnvart Vinnumálastofnun. Samhliða hratt vaxandi atvinnuleysi hefur álagið aukist mikið á Greiðslustofu atvinnuleysistrygginga og hefur þurft að fjölga starfsfólki. Gert er ráð fyrir að nettó gjöld vegna umsýslu atvinnuleysisbóta verði 133,6 m.kr. á árinu en í fjárlögum 2009 var gert ráð fyrir að greiddar væru 77 m.kr. samkvæmt þjónustusamningi.

*1.81 Vaxtatekjur.* Gert er ráð fyrir 90 m.kr. lækkun sértekna á þessu viðfangsefni þar sem áætlað er að vaxtatekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs af inneign hjá ríkissjóði verði lægri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Framlag af mörkuðum ríkistekjum sjóðsins hækkar sem því nemur.

**989 Fæðingarorlof.**

*1.11 Fæðingarorlofsjóður.* Lagt er til að liðurinn lækki um 70 m.kr. Með lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum er gerð sú breyting á ákvæðum laga um Fæðingarorlofsjóð að hámarksgreiðsla úr sjóðnum miðast við meðaltalsmánaðartekjur foreldra að

fjárhæð 437.500 kr. Mánaðarleg útgreiðsla til foreldris verður að hámarki kr. 350.000 eftir þessa breytingu. Reiknað er með að á árinu 2009 lækki útgjöld Fæðingarorlofs-sjóðs um 70 m.kr. vegna þessarar breytingar.

### 999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.60 Ráðgjafastofa um fjármál heimilanna. Farið er fram á 40 m.kr. viðbótarfjárheimild til starfseminnar. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum 8. maí 2009 gera tillögur um að efla starfsemi stofunnar með fjölgun starfsmanna og opnun nýrrar starfsstöðvar.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkingu fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkingu fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
07-700-190 Ýmis verkefni .....	-35,0
07-755-101 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta .....	-22,0
07-999-144 Athvarf fyrir heimilislaua .....	-6,0
07-999-198 Ýmis framlög félags- og tryggingamálaráðuneytis .....	-21,0
<b>Samtals</b> .....	<b>-84,0</b>

## 08 Heilbrigðisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðisráðuneytis lækki um 516,1 m.kr. á árinu 2009. Sótt er um 677 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 1.193,1 m.kr. lækkingu á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkingu ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.



## 206 Sjúkratryggingar.

*1.11 Lækniskostnaður.* Lagt er til að fjárheimild lækniskostnaðar sjúkratrygginga hækki um 146 m.kr. vegna efnisgjalda klínískra sérfræðinga. Samkvæmt samningi sem gerður var við sérfræðilækna árið 2004 eiga Sjúkratryggingar Íslands að endurgreiða kostnað við efni og einnota áhöld vegna sjúkratryggðra sjúklinga sem fá þjónustu hjá sérfræðilæknum sem starfa samkvæmt samningi við stofnunina. Í fjárlögum ársins 2009 var gert ráð fyrir 237 m.kr. fjárheimild vegna efniskaupa. Raunkostnaður við efniskaup var 299 m.kr. árið 2008. Einingarverð sem efniskaup taka mið af hefur hækkað um 24,5% frá árinu 2008 og miðað við 3% magnaukningu milli ára er áætlað að útgjöld vegna efniskaupa verði 383 m.kr. eða 146 m.kr. umfram fjárheimildir.

*1.15 Lyf.* Lögð er til 230 m.kr. lækkun á fjárveitingu ársins 2009. Tillagan er liður í áformum ríkisstjórnarinnar um niðurskurð í ríkisfjármálum, en lækkun kostnaðar á að ná fram með breytingum á lyfjakostnaði almannatrygginga. Aðgerðirnar felast í endurskoðun almenns lyfjaverðs með annarsvegar fleiri áföngum í fjölgun viðmiðunarlanda (Finnland) og hinsvegar með því að greiðsluþátttaka vegna blóðþrýstingslyfja verður einskorðuð við ódýrasta lyf með sömu verkun. Lækkun kostnaðar vegna þess að greiðsluþátttaka miðast við ódýrasta lyf með sambærilega verkun er 100 m.kr. Lækkun kostnaðar vegna fjölgunar samanburðarlanda er 130 m.kr.

*1.21 Hjálpartæki.* Óskað er eftir því að 120 m.kr. verði millifærðar af viðfangsefni 08-206-121 *Hjálpartæki* á lið sjúkratrygginga undir heilbrigðisráðuneytinu á viðfangsefnið 07-825-1.55 *Bifreiðakostnaður* á lið fyrir bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Með millifærslunni er allur kostnaður sem tengist bifreiðastyrkjum færður undir félags- og tryggingaráðuneyti sem er í samræmi við gildandi lög og verkskiptingu á milli ráðuneyta.

*1.31 Þjálfun.* Lagt er til að útgjöld til sjúkráþjálfunar lækki um 110 m.kr. til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Heilbrigðisráðuneytið hefur ákveðið að breyta reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í sjúkráþjálfun sem mun leiða til 110 m.kr. lækkunar útgjalda það sem eftir er ársins 2009.

## 208 Slysatryggingar.

*1.11 Bætur vegna læknis- og sjúkrakostnaðar.* Farið er fram á 58 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna bóta fyrir læknis- og sjúkrakostnað. Samkvæmt áætlun sem byggð er á raunkostnaði 2008 og stöðunni eftir fyrstu 6 mánuði ársins 2009 stefnir kostnaður ársins í 196 m.kr. og þar sem fjárveitingin er 138 m.kr. stefnir hallinn í 58 m.kr. Ástæða aukins kostnaðar er fyrst og fremst 9,6% hækkun almannatrygginga á árinu 2009 skv. lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og meiri ásókn í bætur fyrir læknis- og sjúkrakostnað.

*1.15 Bætur til framfærslu.* Farið er fram á 110 m.kr. hækkun fjárheimildar vegna bóta til framfærslu. Samkvæmt áætlun sem byggð er á raunkostnaði 2008 og stöðunni eftir

fyrstu 6 mánuði ársins 2009 stefnir kostnaður ársins í 474 m.kr. og þar sem fjárveiting er 364 m.kr. stefnir hallinn í 110 m.kr. Ástæða aukins kostnaðar er fyrst og fremst 9,6% hækkun almannatrygginga á árinu 2009 skv. lögum nr.173/2008 um ráðstafanir í ríkisfjármálum og meiri ásókn frá árinu 2008.

### 305 Lýðheilsustöð.

*1.01 Lýðheilsustöð.* Óskað er eftir 9 m.kr. hækkun til leiðréttingar á lögbundnu framlagi ársins 2008 vegna tóbaksvarnagjaldi. Brúttósala tóbaks árið 2008 var 8.215 m.kr. og 0,9% lögbundið framlag af þeirri fjárhæð eru 74 m.kr. en í fjárlögum 2008 var framlagið 65 m.kr.

*1.90 Forvarnasjóður.* Óskað er eftir 9,3 m.kr. hækkun á fjárheimild. Áætlað er að tekjur Forvarnasjóðs af áfengisgjaldi verði 9,3 m.kr. meiri en reiknað var með í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að framlag til sjóðsins hækki samsvarandi.

### 373 Landspítali.

*1.01 Landspítali.* Óskað er eftir að 25 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Landspítalanum yfir á fjárlagaliðinn *07-700 Málefni fatlaðra* hjá félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Tillagan byggir á samkomulagi sem gert var 8. febrúar 2007 um útskriftir af geðsviði spítalans. Um er að ræða þjónustu sem kemur til á mismunandi tímum á árinu. Sambærileg tillaga er gerð í fjárlagafrumvarpi 2010.

*6.01 Tæki og búnaður.* Óskað er eftir 141,4 m.kr. fjárveitingu til að fjármagna kaup á nýju tölvusneiðmyndataeki, TS-tæki, á Landspítala í kjölfar bilana á eldri tækjum. Í febrúar 2009 voru kaupin boðin út og tilboð opnuð í apríl. Hagstæðasta tilboðið hljóðaði upp á 201,4 m.kr. og á að greiða 141,3 m.kr. á árinu 2009 og 60 m.kr. árið 2010. Landspítali átti tvö tölvusneiðmyndataeki sem tekin voru í notkun í Fossvogi 2003 og á Hringbraut 2004. Tækin gegna lykilhlutverki í bráðamyndgreiningarþjónustu spítalans, þ.e. í Fossvogi á slysadeild (einkum við fjöláverkasjúklinga) og á Hringbraut í tengslum við bráðamóttöku. Í febrúar 2009 biluðu bæði tæki spítalans á sama tíma og fóru bráðþjónustan niður fyrir viðunandi öryggismörk og neyðarástand skapaðist. Erfiðlega gekk að fá varahluti í tækin, annað hafði verið bilað um hríð, en bæði tækin eru komin til ára sinna og tíðni rekstrartruflana og bilana vaxandi.

### 376 Bygging hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans.

6.21 *Bygging hátækisjúkrahúss á lóð Landspítalans.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 400 m.kr. þar sem fallið hefur verið frá framkvæmdaáformum í fjárlögum 2009. Tillagan er sett fram til að mæta áformum ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

### 399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.31 *Krabbameinsfélag Íslands, kostnaður við krabbameinsleit.* Farið er fram á hækkun fjárheimildar um 4,5 m.kr. til að mæta viðbótarkostnaði vegna fjölda eininga umfram samning. Í þjónustusamningi heilbrigðisráðuneytisins við félagið er miðað við að heildarfjöldi sérfræðieininga sé að hámarki 214.000 á ári. Heildareiningafjöldi á árinu 2008 var 229.220 sem er 15.220 einingar umfram hámark. Miðað við framreiknaðar vísitölur samnings er kostnaður vegna umfram eininga 4,5 m.kr. og er því farið fram á hækkun fjárheimildar um þá fjárhæð.

1.43 *Viðbúnaður gegn farsóttum.* Farið er fram á 358,9 m.kr. fjárveitingu á þessu viðfangsefni til að mæta kostnaði í tengslum við varnir gegn heimsfaraldri. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lýst yfir heimsfaraldri á inflúensu, svokallaðri svínainflúensu H1N1. Ríkisstjórnin samþykkti tillögur um að kaupa bóluefni gegn svínafleusuveirunni. Ákveðið hefur verið að kaupa 300 þúsund skammta af bóluefninu. Gert er ráð fyrir því að bólusetja þurfi hvern einstakling tvisvar til að ná góðri vörn. Viðbragðsáætlun sóttvarnarlæknis vegna svínainflúensunnar hljóðar upp á 531,3 m.kr. Áætlaður kostnaður við kaup á 300 þúsund skömmtum er um 380,1 m.kr. og er miðað við að 95,0 m.kr. af honum falli til á árinu 2010. Einnig er miðað við að keypt séu inflúensulyf fyrir 27,2 m.kr. Á árinu 2009 er því gert ráð fyrir að 436,3 m.kr. kostnaður falli til og þar af 312,3 m.kr. vegna kaupa á bóluefni og inflúensulyfjum. Eftir standa 124 m.kr., en fjárheimild á 08-399-1.43 *Viðbúnaður gegn farsóttum* er 47,4 m.kr. og því vantar 76,6 m.kr. vegna áætlunarinnar ef bóluefnið og inflúensulyfin er undanskilin. Gert er ráð fyrir að 36,6 m.kr. verði fjármagnaðar af 08-399-1.43 og 30 m.kr. af 08-500-1.10 *Heilsugæslustöðvar almennt*. Tillagan sem hér er sett fram hljóðar því upp á 358,9 m.kr. Samtals er farið fram á 396,5 m.kr. í fjárlögum 2009 og fjárlögum 2010 til viðbúnaðar vegna svínainflúensunnar.

### 508 Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 *Miðstöð heimahjúkrunar á höfuðborgarsvæðinu.* Lögð er til 15,1 m.kr. lækkun á fjárheimild vegna ofreiknaðra verðlagshækkana við 3. umræðu fjárlagafrumvarps 2009. Hér var um mistök að ræða því að fjárveitingin við 2. umræðu frumvarpsins var á endanlegu verðlagi ársins 2009.

**700 Heilbrigðisstofnanir.**

*6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.* Lagt er til að fallið verði frá 35,1 m.kr. framlagi sem ætlað var til undirbúnings að fyrirhuguðum húsnæðisendurbótum á heilbrigðisstofnun Þingeyinga vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum.

*6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.* Vegna áforma ríkisstjórnarinnar um samdrátt í ríkisútgjöldum er lagt til að fallið verði frá 57,5 m.kr. framlagi sem ætlað var til endurbóta á heilbrigðisstofnun Suðurnesja, en umsjón fasteigna stofnunarinnar hefur verið færð frá ráðuneytinu til Fasteigna ríkissjóðs.

Um síðustu áramót stóð til að sameina St. Franciskusspítala, Heilsugæslustöðina Borgarnesi, Heilsugæslustöðina Ólafsvík, Heilsugæslustöðina Grundarfirði og Heilsugæslustöðina Búðardal undir einni stofnun þ.e. Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Jafnframt stóð til að sameina Heilsugæslustöðina Ólafsfirði, Heilsugæslustöðin Dalvík og Heilbrigðisstofnunina Siglufirði undir einni stofnun, þ.e. Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð. Að lokum stóð til að sameina Heilbrigðisstofnunina Blönduósi og Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki undir einni stofnun, þ.e. Heilbrigðisstofnunina Blönduósi og Sauðárkróki. Sameiningin þessara stofnana gekk ekki eftir á árinu og eru fjárheimildir þeirra því millifærðar á til baka á upprunalegu fjárlagaliðina. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar millifærslur.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
08-522-101 Heilsugæslustöðin Borgarnesi .....	146,1
08-524-101 Heilsugæslustöðin Ólafsvík .....	100,4
08-525-101 Heilsugæslustöðin Grundarfirði .....	63,4
08-526-101 Heilsugæslustöðin Búðardal .....	95,1
08-551-101 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði .....	74,6
08-552-101 Heilsugæslustöðin Dalvík .....	100,4
08-715-101 St. Franciskusspítala, Heilsugæslusvið .....	93,6
08-715-111 St. Franciskusspítala, Sjúkrasvið .....	243,8
08-715-121 St. Franciskusspítala, Hjúkrunarrými .....	61,8
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið .....	-146,1
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið .....	-93,6
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið .....	-100,4
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið .....	-63,4
08-716-101 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslusvið .....	-95,1
08-716-111 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Sjúkrasvið .....	-243,8
08-716-121 Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hjúkrunarrými .....	-61,8
08-745-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslusvið .....	112,4
08-745-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Sjúkrasvið .....	93,3
08-745-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Hjúkrunarrými .....	223,6
08-746-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Heilsugæslusvið .....	-178,0
08-746-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Heilsugæslusvið .....	-112,4
08-746-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Sjúkrasvið .....	-339,6
08-746-111 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Sjúkrasvið .....	-93,3
08-746-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Hjúkrunarrými .....	-372,7
08-746-121 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi og Sauðárkróki, Hjúkrunarrými .....	-223,6
08-751-101 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Heilsugæslusvið .....	178,0
08-751-111 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Sjúkrasvið .....	339,6
08-751-121 Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Hjúkrunarrými .....	372,7
08-755-101 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Heilsugæslusvið .....	86,7
08-755-111 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Sjúkrasvið .....	118,9
08-755-121 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Hjúkrunarrými .....	192,7
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið .....	-86,7
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið .....	-74,6
08-756-101 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Heilsugæslusvið .....	-100,4
08-756-111 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Sjúkrasvið .....	-118,9
08-756-121 Heilbrigðisstofnunin Dalvíkur- og Fjallabyggð, Hjúkrunarrými .....	-192,7
<b>Samtals .....</b>	<b>0,0</b>

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og auka-greiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
08-206-111 Lækniskostnaður .....	-100,0
08-301-101 Landlæknir .....	-10,0
08-305-190 Forvarnasjóður .....	-10,0
08-358-101 Sjúkrahúsið á Akureyri .....	-1,6
08-373-101 Landspítali .....	-15,6
08-373-101 Landspítali .....	-16,0
08-401-113 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana .....	-53,4
08-460-111 Dvalarrými aldraðra, önnur .....	-46,6
08-524-101 Heilsugæslustöðin Ólafsvík .....	-1,6
08-525-101 Heilsugæslustöðin Grundarfirði .....	-1,6
08-711-111 Heilbrigðisstofnunin Akranesi, Sjúkrasvið .....	-6,0
08-715-101 St. Franciskusspítala, Heilsugæslusvið .....	-1,1
08-715-111 St. Franciskusspítala, Sjúkrasvið .....	-0,5
08-721-101 Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði, Heilsugæslusvið .....	-1,6
08-726-101 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilsugæslusvið .....	-3,2
08-726-111 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Sjúkrasvið .....	-1,6
08-726-121 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Hjúkrunarrými .....	-1,6
08-735-101 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Heilsugæslusvið .....	-1,1
08-735-111 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Sjúkrasvið .....	-0,3
08-735-121 Heilbrigðisstofnunin Hólmavík, Hjúkrunarrými .....	-0,2
08-741-101 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Heilsugæslusvið .....	-1,6
08-741-111 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Sjúkrasvið .....	-0,8
08-741-121 Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Hjúkrunarrými .....	-0,8
08-745-101 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Heilsugæslusvið .....	-1,6
08-755-101 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Heilsugæslusvið .....	-1,6
08-755-111 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Sjúkrasvið .....	-1,6
08-761-101 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslusvið .....	-4,2
08-761-111 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Sjúkrasvið .....	-0,5
08-777-101 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilsugæslusvið .....	-12,4
08-777-111 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Sjúkrasvið .....	-2,7
08-777-121 Heilbrigðisstofnun Austurlands, Hjúkrunarrými .....	-2,1
08-781-111 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum, Sjúkrasvið .....	-3,1
08-787-101 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilsugæslusvið .....	-20,7
08-787-111 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sjúkrasvið .....	-6,0
08-787-111 Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Sjúkrasvið .....	-2,7
08-791-101 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilsugæslusvið .....	-7,0
08-791-111 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sjúkrasvið .....	-5,3
08-791-111 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Sjúkrasvið .....	-6,0
08-791-121 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Hjúkrunarrými .....	-0,2
08-795-111 St. Jósefsspítali, Sólvangur .....	-6,0
<b>Samtals .....</b>	<b>-360,5</b>

## 09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 5.872,5 m.kr. Sótt er um 6.596,1 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 202,5 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 521,1 m.kr. fjárheimildir fluttar frá ráðuneytinu vegna verkefna sem flytjast frá því við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að veitt verði fjárveiting að upphæð 61,6 m.kr. til þess að fjármagna kaup á aðkeyptri þjónustu í tengslum við efnahagsástandið. Nokkur ráðuneytana hafa keypt og ráðið til sín innlenda og erlenda sérfræðinga undanfarna mánuði til aðstoðar við ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum þjóðarinnar. Um er að ræða kaup á þjónustu sem ekki var séð fyrir að fullu við gerð fjárlaga fyrir árið 2009. Hjá fjármálaráðuneytinu er það einkum á fjórum sviðum sem leitað hefur verið til aðkeyptra sérfræðinga. Í fyrsta lagi 8,8 m.kr. vegna samningaviðræðna við þau ríki sem gáfu viljrði um lánalínur til Íslands. Í öðru lagi 26,6 m.kr. vegna samningaviðræðna og sérfræðiaðstoðar vegna Icesave skuldbindinga. Í þriðja lagi 12,3 m.kr. vegna samninga milli nýju og gömlu bankanna um yfirfærslu eigna og uppgjörs þeirra á milli. Í fjórða lagi 13,9 m.kr. vegna ráðgjafar á sviði bankamála og eignaumsýslu.

### 103 Fjársýsla ríkisins.

*1.43 Tekjubókhalddskerfi.* Óskað er eftir 8,7 m.kr. viðbótarfjárheimild vegna fjölgunar gjalddaga á útvarpsgjaldi. Með frumvarpi til breytinga á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., er lagt til að gjalddögum á útvarpsgjaldi fjölgi úr einum í þrjá á ári hjá einstaklingum. Gert er ráð fyrir að gjalddagarnir hjá einstaklingum verði 1. ágúst, 1. október og 1. desember en 1. nóvember hjá lögaðilum. Markmiðið með þessari breytingu er að skapa fjárhagslegt hagræði fyrir einstaklinga með því að dreifa greiðslum yfir árið. Þessi breyting felur í sér aukinn innheimtukostnað og kostnaðarsamari framkvæmd. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um fyrrgreinda upphæð með auknum fjölda útsendra innheimtuseðla.

### 391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.

*1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.* Lögð er til 66,3 m.kr. lækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög.

### 393 Endurhæfingarsjóður.

*1.11 Endurhæfingarsjóður.* Lagt er til að 125 m.kr. framlag til Endurhæfingarsjóðs verði fellt niður vegna ársins 2009. Í Stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og Alþýðusambands Íslands, Bandalags háskólamanna, BSRB, Kennarasambands Íslands, SSF, Samtaka atvinnulífsins og Sambands íslenskra sveitarfélaga er yfirlýsing um Starfsendurhæfingarsjóð. Þar kemur fram að lögfest verði gjald í Starfsendurhæfingarsjóð frá atvinnulífinu á árinu 2009. Samkomulag er um að áætlað 125 m.kr. framlag til sjóðsins vegna 2009 verði fellt niður en verði 150 m.kr. á árinu 2010. Á grundvelli sáttmálans mun framlag ríkisins í sjóðinn hækka í 250 m.kr. 2011 og 350 m.kr. 2012. Lögfesta skal framlög til sjóðsins frá lífeyrissjóðum þannig að greiðsla hefjist 1. júlí 2010. Lögfesta skal að frá og með 1. júlí 2013 greiði ríkið 0,13% af tryggingagjaldstofni til sjóðsins og verður þá framlag ríkisins að fullu komið til greiðslu. Áætla má að heildarframlegið geti nunið um 1 milljarði kr. miðað við launaveltu á þessu ári til viðbótar við 130 m.kr. sem ríkið greiðir af launum sinna starfsmanna. Áformað er að komið verði á samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda til að meta jafn óðum árangur og framhald verkefnisins.

### 402 Fasteignaskrá Íslands.

*1.01 Fasteignaskrá Íslands.* Lagt er til að 521,1 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á 06-601-1.01 Fasteignaskrá Íslands í samræmi við breytta verkskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

### 405 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.

*1.01 Fasteignagjöld af húsnæði ríkisins.* Óskað er eftir 115,1 m.kr. fjárheimild á þessum lið. Samkvæmt samkomulagi í tekjustofnanefnd ríkis og sveitarfélaga var fellt niður undanþága frá greiðslu fasteignagjalda af ýmsu húsnæði ríkisins, s.s. skólum og heilbrigðisstofnunum. Álagning fasteignagjaldanna var innleidd í áföngum og var upphaflega gert ráð fyrir að þau gætu skilað sveitarfélögum 200 m.kr. tekjum árið 2006, 400 m.kr. árið 2007 og 600 m.kr. árið 2008 og eftirleidis. Endurmetnar áætlanir hafa leitt í ljós að greiðslurnar eru verulega hærri, eða um 860 m.kr. árið 2007 og um 1.500



m.kr. árið 2008 fyrir fasteignir í þessari starfsemi. Hefur þá verið gert ráð fyrir hækkun vegna sjálfseignarstofnana sem reka hjúkrunarheimili og skóla en voru ekki í upphaflega matinu sem samkomulagið byggðist á. Í fjárlögum 2008 var gert ráð fyrir að fallið yrði frá áformaðri hækkun álagningarprósentu fasteignagjaldanna úr 0,88% í 1,32% þar sem þau skila sveitarfélögunum um 140% meiri tekjum en samkomulagið gerði ráð fyrir. Sú breyting á lögum kom ekki til framkvæmda. Er því fjárheimild vegna hækkunar álagningarprósentunnar í upphafi þessa árs færð í einu lagi á þennan lið og var gert ráð fyrir að henni yrði skipt niður á viðkomandi stofnanir ráðuneyta. Framlagið í fjárlögum 2009 var sett á föstu verðlagi m.v. áætlun. Við endanlega útfærslu fjárheimilda til einstakra stofnana kom í ljós að liðurinn er vanáætlaður um 115,1 m.kr.

## **721 Fjármagnstekjuskattur.**

*1.11 Fjármagnstekjuskattur.* Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur sem ríkissjóður greiðir af vaxtatekjum sínum, arði og söluhagnaði hækki um 1.983 m.kr. á rekstrargrunni og 1.896 m.kr. á greiðslugrunni. Skýrist það af auknum vaxtatekjum af innistæðu ríkissjóðs í Seðlabanka Íslands og vaxtatekjum af lánum frá því sem áætlað var í fjárlögum. Skatturinn rennur óskertur til ríkissjóðs í formi tekna þannig að þetta hefur ekki áhrif á rekstrarafkomu ársins.

## **811 Barnabætur.**

*1.11 Barnabætur.* Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta hækki um 420 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Barnabætur taka mið af fjölda barna, tekjum framteljenda og tilteknum viðmiðunarfjárhæðum. Endanlegar tölur um tekjur framteljenda á árinu 2008 liggja nú fyrir og eru megin ástæðurnar fyrir þörf fyrir aukna fjárveitingu þær að tekjuþróun á árinu 2008 varð lægri en reiknað var með við gerð fjárlaga og að skuldir heimilanna jukust mjög mikið vegna mikillar verðbólgu á síðustu mánuðum ársins.

## **821 Vaxtabætur.**

*1.11 Vaxtabætur.* Gerð er tillaga um 2.330 m.kr. aukafjárveitingu vegna vaxtabóta. Skýrist þetta annarsvegar af því að Alþingi ákvað að breyta vaxtabótum með lögum nr. 45/2009 sem hafði í för með sér útgjaldaauka sem nemur um 2.000 m.kr. Lögum var breytt sem hluti af ráðstöfunum stjórnvalda til að bæta stöðu skuldsettra heimila. Lögin gilda eingöngu fyrir ákvörðun vaxtabóta á árinu 2009 vegna tekna, eigna og skulda á árinu 2008. Meginástæður fyrir 330 m.kr. aukinni fjárveitingu skýrist hinsvegar af því að tekjuþróun á árinu 2008 varð með nokkuð öðrum hætti en reiknað var með við gerð fjárlaga og skuldir heimilanna jukust mjög mikið vegna mikillar verðbólgu á síðustu mánuðum ársins.

**831 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega.**

*1.11 Uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega.* Lagt er til að 590 m. kr. fjárheimild vegna upp-bóta á eftirlaun lífeyrisþega verði felld niður. Lög um uppbætur á eftirlaun lífeyrisþega hafa verið felld úr gildi. Á móti hækka fjárheimildir undir félags- og tryggingamála-ráðuneytinu. Þessi breyting veldur því að viðmiðunartekjur ellilífeyrisþega lækka við útreikning á lífeyrstryggingum og því hækka útgjöld þar um samsvarandi upphæð.

**971 Ríkisábyrgðir.**

*6.01 Ríkisábyrgðir.* Á árinu 2009 má gera ráð fyrir að 2.384 m.kr. muni falla á ríkissjóð vegna ábyrgða föllnu bankanna þriggja. Þegar ríkisviðskiptabankarnir þrír voru gerðir að hlutafélögum á sínum tíma hvíldu á þeim ýmsar skuldbindingar vegna skuldabréfa sem þá höfðu verið útgefin. Ríkið ber því enn ábyrgð á þeim skuldbindingum. Hér er um að ræða Útvegsbanka Íslands sem Íslandsbanki yfirtók gegnum Fjárfestingarbanka atvinnulífsins, Búnaðarbanka Íslands sem síðar var sameinaður Kaupþing banka og svo Landsbanka Íslands, sem yfirtók skuldbindingar Lánasjóðs Landbúnaðarins á sínum tíma. Ábyrgð ríkissjóðs er einföld í öllum tilvikum. Það merkir að kröfuhafar verða fyrst að ganga að skuldara og sanna hans greiðslufall t.d. með gjaldþroti skuldara áður en hægt er að ganga að ríkissjóði. Frá því að bankarnir þrír féllu í október 2008 hefur ríkissjóður án skyldu greitt af þessum lánnum eftir því sem þau féllu á gjalddaga. Í öllum tilvikum er um að ræða skuldir í íslenskum krónum við innlenda aðila utan eitt lán hjá Landsbanka Íslands sem er frá árinu 1996 að fjárhæð 30 milljónir bandaríkjadala. Það lán greiðist í einu lagi árið 2011. Ríkissjóður getur yfirtekið greiðsluskyldu samkvæmt upphaflegum afborgunarskilmálum og þarf því ekki, frekar en hann vill, að greiða upp lánin þegar hann innleysir ríkisábyrgðina.

**977 Bankasýsla ríkisins.**

*1.01 Bankasýsla ríkisins.* Óskað er eftir 36 m.kr. fjárheimild til reksturs á nýrri stofnu, n Bankasýslu ríkisins. Stofnuninni var komið á fót með lögum til að fara með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Gert er ráð fyrir að helstu verkefni stofnunarinnar verði að halda utan um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, setja með samningum fjármálastofnunum í eigu ríkisins viðmið í rekstri svo sem um arðsemi af eigin fé og almennar áherslur varðandi endurskipulagningu fjármálakerfisins. Stofnunin mun jafnframt hafa eftirlit með því að settum markmiðum verði náð innan fjármálafyrirtækjanna. Gert er ráð fyrir því að stofnunin starfi tímabundið og ekki lengur en í fimm ár. Þegar endurreisn fjármálakerfisins er lokið er gert ráð fyrir því að stofnunin verði lögð niður og að umsýsla eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum verði með hefðbundnum hætti. Frumvarpið gerir ráð fyrir að þrír stjórnarmenn fari fyrir stofnuninni, hún hafi forstjóra og gert er ráð fyrir að þrír til fimm starfmenn verða þar til viðbótar.

**981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs.**

*5.25 Viðhald fasteigna á svæðum sem verða fyrir aflasamdrætti.* Lagt er til að fjárheimild lækki um 30 m.kr. Á fjárlögum ársins 2009 er 333 m.kr. fjárveiting til þess að annast viðhald á húsnæði ríkisins á þeim svæðum sem urðu fyrir aflasamdrætti á árunum 2008 og 2009.

**985 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurlflugvöll.**

*1.01 Fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurlflugvöll.* Lagt er til að dregið verði úr framlagi til fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurlflugvöll um 86 m.kr. Á fjárlögum 2009 er gert ráð fyrir 1.006 m.kr. framlagi til þess að koma eignum á svæðinu í söluhæft ástand, annast rekstur, viðhald og framkvæmdir á fasteignum og hreinsun svæðisins. Gert er ráð fyrir því að hægt verði á áformum um hreinsun svæðisins í samræmi við áform um samdrátt í ríkisútgjöldum.

**990 Ríkisstjórnarákvarðanir.**

*1.10 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.* Lagt er til að fjárveitingar vegna sérstakra ákvarðana ríkisstjórnarinnar lækki um 20 m.kr. á þessu ári. Fjárveitingin nemur 200 m.kr. á fjárlögum.

**999 Ýmislegt.**

*1.67 Þjóðlendumál.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild lækki um 20 m.kr. þar sem lagt er til að slegið verði á frest frekari kröfugerðum til þjóðlendna á þessu ári og tveimur næstu árum. Hætt verði aðkeyptri þjónustu lögfræðinga og upplýsingaöflun frá Þjóðskjalasafni haldið í lágmarki.

*1.68 Endurskoðendaráð.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. fjárheimild til þess að kosta rekstur Endurskoðendaráðs. Samkvæmt nýlegum lögum á ráðið að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga, siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda og aðrar reglur. Samkvæmt lögnum skal sérhver endurskoðandi greiða í ríkissjóð árlegt gjald að fjárhæð 50.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf endurskoðendaráðs. Á móti útgjaldaheimildinni koma því jafnháar tekjur af eftirlitsgjaldinu.

*1.90 Ýmis verkefni.* Farið er fram á 25 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er sótt um 29 m.kr. framlag vegna bókonar 6 í kjarasamningum ríkisins við aðildarfélög BHM, BSRB og KÍ. Í bókunin segir að aðilar séu sammála um að framlengja samkomulag frá 15. feb. 2007 um eflingu mannauðsmála hjá ríkinu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 22. júní 2006, sem gefin var í tengslum við niðurstöðu forsendunefndar ASÍ og SA, er til viðbótar við almennar ráðstafanir gert ráð fyrir sérstakri hækkun á framlagi til þjónustusamnings mennta- og menningarmálaráðuneytis og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Undirritað var samkomulag við stéttarfélög innan vébanda

BSRB, KÍ og BHM um hliðstæðan styrk til eflingar mannauðsmála hjá ríkinu sem skipt verður á milli bandalaganna og verkefna. Við frágang fjárlaga fyrir árið 2009 láðist að gera ráð fyrir þessari bókun. Gert er ráð fyrir 11 m.kr. framlagi til BHM, 15 m.kr. til BSRB og 3 m.kr. til KÍ, samtals 29 m.kr. Hins vegar er gerð tillaga um að 4 m.kr. fjárveiting sem eftir stendur af sérstakri heimild fjármálaráðherra til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
09-101-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-5,9
09-103-101 Almennur rekstur .....	-12,2
09-201-101 Almennur rekstur .....	-10,5
09-202-101 Skattstofan í Reykjavík .....	-3,8
09-203-101 Skattstofa Vesturlands .....	-0,8
09-204-101 Skattstofa Vestfjarða .....	-0,4
09-205-101 Skattstofa Norðurlands vestra .....	-0,4
09-206-101 Skattstofa Norðurlands eystra .....	-1,2
09-207-101 Skattstofa Austurlands .....	-0,5
09-209-101 Skattstofa Vestmannaeyja .....	-0,3
09-211-101 Skattstofa Reykjaness .....	-2,5
09-214-101 Yfirkattanefnd .....	-1,0
09-215-101 Skattrannsóknarstjóri ríkisins .....	-1,5
09-901-101 Framkvæmdasýsla ríkisins .....	-1,2
09-980-101 Rekstur húsnæðis .....	-0,3
<b>Samtals</b> .....	<b>-42,5</b>

## 10 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis lækki um 3.122,7 m.kr. Sótt er um 610,2 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 3.732,9 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sér-tækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki

fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

#### **190 Ýmis verkefni.**

*6.43 Græni trefillinn – stígagerð.* Lögð er til 200 m.kr. lækkun á fjárveitingu til liðarins. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í mars á þessu ári er gert ráð fyrir að lagðar verði 200 m.kr. til verkefnisins, Græni trefillinn – stígagerð ofl. í sveitarfélögum. Verkefnið er samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og sveitarfélaga um allt land. Vísað er til þess að á gildandi fjárlögum eru þegar markaðar 200 m.kr. til stígagerðar í Reykjavík en að það þurfi að breyta ráðstöfunarheimildum með fjáraukalögum. Hér er því lagt til að Alþingi samþykki að millifærðar verði 200 m.kr. af framkvæmdalið Vegagerðarinnar 10-212-6.10 á þennan lið og að ráðuneytinu verði falið að gera þjónustusamning við Skógræktarfélag Íslands um verkefnið.

#### **212 Samgönguverkefni.**

*6.10 Framkvæmdir.* Farið er fram á 3.700 m.kr. lækkun fjárheimildar. Annars vegar er lögð til 3.500 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Hins vegar er farið fram á að millifærðar verði 200 m.kr. af liðnum á 10-190-6.43 *Græni trefillinn – stígagerð* samanber umfjöllun hér að ofan.

#### **475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.**

*1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.* Lögð er til 100 m.kr. lækkun á framlagi til liðarins í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda.

#### **512 Póst- og fjarskiptastofnunin.**

*1.01 Póst- og fjarskiptastofnunin.* Farið er fram á að útgjaldaheimildir stofnunarinnar verði hækkaðar um 31,2 m.kr. á grundvelli endurmetinnar tekjuáætlunar fyrir yfirtandandi ár. Rekstur stofnunarinnar er alfarið fjármagnaður af mörkuðum ríkistekjum.

#### **521 Fjarskiptasjóður.**

*6.41 Fjarskiptasjóður.* Lögð er til 54 m.kr. lækkun fjárveitingar á þessum lið. Áætlað er að Fjarskiptasjóður muni hafa 54 m.kr. vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti af inneign sinni hjá ríkissjóði. Beint framlag ríkissjóðs til verkefna og reksturs sjóðsins lækkar sem því nemur.

**801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.* Farið er fram á 643 m.kr. hækkun fjárheimildar. Þann 7. apríl 2008 var undirritað samkomulag milli fjármálaráðherra, félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga um grunnbætur húsaleigubóta. Í samkomulaginu var einnig kveðið á um þátttöku ríkisins í fyrsta sinn í greiðslu sérstakra húsaleigubóta til viðbótar við grunnfjárhæðir húsaleigubóta. Í framhaldi af samkomulaginu var í fjárlagafrumvarpi 2009 veitt sérstakt 432 m.kr. viðbótarframlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 324 m.kr. í fjárukalögum 2008. Bótageiðslurnar hafa vaxið mjög hratt og verulega umfram það sem ráð var fyrir gert og stefnir í að viðbótarkostnaður við samkomulagið verði tvöfalt meiri en reiknað var með. Nú er gert ráð fyrir að framlög ríkissjóðs vegna greiðslu almennra og sérstakra húsaleigubóta á árinu 2009 þurfi að vera 496 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í samkomulaginu og verði samtals 928 m.kr. Í annan stað er lögð er til 147 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins þar sem viðbótarkostnaður við samkomulagið árið 2008 er metinn hærri en áður var reiknað með.

**811 Bjargráðasjóður.**

*1.10 Bjargráðasjóður.* Lagt er til að 10 m.kr. fjárheimild liðarins falli niður. Með breyttum lögum um Bjargráðasjóð er gert ráð fyrir að umsýsla málaflokksins færist frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Á síðustu árum hefur sjóðnum verið veitt 10 m.kr. framlag á fjárlögum og er nú gert ráð fyrir að það framlag færist á lið *04-853-110* hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkingu fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukageiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkingu fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
10-101-101 Samgöngu og sveitarstjórnarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-8,0
10-190-111 Fastanefndir .....	-0,2
10-211-101 Almennur rekstur .....	-46,6
10-212-121 Rannsóknir .....	-3,0
10-251-101 Umferðarstofa .....	-4,6
10-281-101 Rannsóknarnefnd umferðarslysa .....	-0,7
10-335-101 Almennur rekstur .....	-10,6
10-335-111 Vaktstöð siglinga .....	-6,6
10-336-101 Almennur rekstur .....	-0,3
10-381-101 Rannsóknarnefnd sjóslysa .....	-0,8
10-471-101 Flugmálastjórn Íslands .....	-9,4
10-475-111 Keflavíkurflugvöllur .....	-31,9
10-481-101 Rannsóknarnefnd flugslysa .....	-0,9
10-512-101 Póst- og fjarskiptastofnunin .....	-5,1
10-513-110 Jöfnunarsjóður alþjónustu .....	-4,2
<b>Samtals .....</b>	<b>-132,9</b>

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 71,6 m.kr. Sótt er um 171,6 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 100 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 245 Samtök iðnaðarins.

*1.10 Samtök iðnaðarins.* Lögð er til 120 m.kr. hækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af iðnaðarmálagjaldi. Tekjurnar renna til Samtaka iðnaðarins ef frá er talin 0,5% þóknun sem rennur í ríkissjóð vegna kostnaðar við innheimtu gjaldsins. Afkoma ríkissjóðs verður því óbreytt eftir sem áður.

## **251 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.**

*1.10 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.* Lagt er til að veitt verði 32 m.kr. framlag til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi. Með lögum nr. 39/2009 var hlutfall framleiðslukostnaðar vegna kvikmyndagerðar á Íslandi sem heimilt er að endurgreiða úr ríkissjóði hækkað úr 14% í 20%. Auk þess er gert ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða að þeir sem fengið hafa viljrði fyrir endurgreiðslu fyrir gildistöku laganna eigi þess kost að sækja um aftur eftir að endurgreiðsluhlutfallið hefur verið hækkað enda sé framleiðsla kvikmyndar eða sjónvarpsefnis ekki hafin. Markmið þessara breytinga er að jafna samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaiðnaðar gagnvart sambærilegri starfsemi í sumum öðrum ríkjum og laða að fleiri erlend verkefni. Sú styrking á samkeppnisstöðunni kæmi til viðbótar þeim áhrifum sem orðið hafa með veikingu íslensku krónunnar undanfarin tvö ár.

## **299 Iðja og iðnaður, framlög.**

*1.19 Staðlaráð.* Lögð er til 5,4 m.kr. lækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna framlag til Staðlaráðs.

## **501 Ferðamálastofa.**

*1.01 Ferðamálastofa.* Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. til markaðssóknar í ferðaþjónustu. Iðnaðarráðuneyti mun í samstarfi við Ferðamálastofu, Útflutningsráð og Reykjavíkurborg hrinda af stað markaðsátaki til eflingar ferðaþjónustunni hér á landi. Um er að ræða verkefni sem dreifast á meginmarkaðssvæði íslenskrar ferðaþjónustu í Bretlandi, á meginlandi Evrópu, í N–Ameríku og á Norðurlöndum. Markaðsátakið mun byggjast á samstarfsverkefnum með ferðaþjónustuaðilum og mun heildarframlag til átaksins verða 150 m.kr. Auk 25 m.kr. viðbótarframlagsins sem hér er lagt til að veitt verði er gert ráð fyrir að Ferðamálastofa, Útflutningsráð og Reykjavíkurborg leggi til 25 m.kr. og ferðaþjónustufyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta í ferðaþjónustu leggi til 100 m.kr. Samtals verði því 150 m.kr. veitt til verkefnisins á árinu.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.



Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
11-101-101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-4,6
11-205-101 Nýsköpunarmiðstöð Íslands .....	-8,6
11-299-130 Alþjóðlegt samstarf .....	-5,0
11-299-198 Nýsköpun og markaðsmál, ýmis framlög iðnaðarráðuneytis .....	-15,0
11-301-101 Orkustofnun .....	-14,7
11-371-101 Rekstur Orkusjóðs .....	-0,8
11-373-111 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis .....	-19,0
11-399-122 Vistvænir orkugjafir .....	-15,0
11-411-110 Byggðastofnun .....	-4,5
11-411-111 Atvinnuráðgjafir á landsbyggðinni .....	-5,3
11-501-101 Ferðamálastofa .....	-1,9
11-501-105 Landkynningarskrifstofur erlendis .....	-4,0
11-599-198 Ýmis ferðamál iðnaðarráðuneytis .....	-1,6
<b>Samtals .....</b>	<b>-100,0</b>

## 12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags- og viðskiptaráðuneytis verði aukin um 131,2 m.kr. Lögð er til 252,3 m.kr. lækkun fjárheimilda vegna útgjaldaskuldbindinga og því til viðbótar lögð til 26,2 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Auk þess eru 409,7 m.kr. fjárheimildir fluttar til ráðuneytisins vegna verkefna sem flytjast til þess við breytta verkaskiptingu Stjórnarráðsins 1. október síðastliðinn. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

### 101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Farið er fram á 55 m.kr. hækkun fjárheimildar. Annars vegar er lögð til 40 m.kr. hækkun á framlagi til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna aukins kostnaðar í tengslum við lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Kostnaður þessi er vegna aukinnar aðkeyprtrar þjónustu lögfræðinga, þýðenda og erlenda aðila sem komið hafa að verkefnum ráðuneytisins vegna laganna. Hins vegar er óskað eftir 15 m.kr. framlagi vegna kostnaðar ráðuneytisins í tengslum við peningaþvættis-

verkefni. Um er að ræða vinnu að innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirfylgni innleiðingarinnar. Ennfremur eftirfylgni úttekta FATF (Financial Action Task Force) á aðgerðum íslenskra stjórnvalda á þessu sviði sem fram fór árið 2006.

#### **402 Fjármálaeftirlitið.**

*1.01 Fjármálaeftirlitið.* Lögð er til 331,5 m.kr. lækkun fjárheimildar og verði 766 m.kr. í stað 1.116 m.kr.. Lækkunin er einkum komin til vegna hagnaðar ársins 2008 en álögð gjöld voru meiri en sem nemur rekstrargjöldum auk þess sem afgangur verður af aukafjárveitingu sem stofnunin fékk á liðnu ári. Kostnaður Fjármálaeftirlitsins vegna neyðarlaganna er áætlaður 256,5 m.kr. á árinu 2009. Um er að ræða kostnað vegna skilaneftnda bankanna þriggja, endurskoðunarkostnaðar vegna bráðabirgðastofnefnahagsreikninga bankanna, verðmatskostnaðar vegna aðkeyptra sérfræðinga auk annarrar aðkeyptrar sérfræðipjónustu. Í fjárukalögum 2008 fékk stofnunin sérstakt 549 m.kr. framlag vegna þessa en innifalið í því var kostnaður vegna verðmats bankanna að fjárhæð 238 m.kr. Gerðar hafa verið breytingar á lögum þannig að sá kostnaður verður greiddur af bönkunum sjálfum. Í fjárlögum var gert var ráð fyrir fjölgun starfsmanna og flutnings í nýtt húsnæði sem nú hefur verið fallið frá að sinni. Reiknað er með að útgjöld stofnunarinnar umfram sértekjur verði 941,2 m.kr. og að eftirlitsgjöld skili um 766 m.kr. Gert er ráð fyrir að 175,2 m.kr. mismunurinn þar á milli verði fjármagnaður með óráðstöfuðu eigið fé vegna rekstrarafgangs frá fyrr árum.

#### **421 Neytendastofa.**

*1.01 Neytendastofa.* Lagt er til að 301,2 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á 06-801-101 *Neytendastofa* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

#### **425 Talsmaður neytenda.**

*1.01 Talsmaður neytenda.* Lagt er til að 17 m.kr. fjárveiting sem veitt var í fjárlögum verði flutt á 06-805-101 *Talsmaður neytenda* í samræmi við breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Þótt tilfærsla verkefna hafi ekki farið fram fyrr en 1. október sl. er miðað við að allar fjárheimildir ársins, þ.m.t. aðhaldsráðstafanir, flytjist til dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins sem tekur við verkefninu þar sem heppilegast er talið að fjárreiður stofnunarinnar verði gerðar þar upp í einu lagi í ríkisreikningi 2009.

**431 Einkaleyfastofan.**

*1.01 Einkaleyfastofan.* Farið er fram á að útgjaldaheimildir stofnunarinnar verði hækkaðar um 18,2 m.kr. á grundvelli endurmetinnar tekjuáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Rekstur stofnunarinnar er alfarið fjármagnaður af mörkuðum ríkistekjum.

**501 Hagstofa Íslands.**

*1.01 Hagstofa Íslands.* Farið er fram 733,9 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins. Annars vegar flytjast á liðinn vegna verkefnatilflutnings innan Stjórnarráðsins 727,9 m.kr. fjárheimild af 01-401-1.01 Hagstofa Íslands samanber umfjöllun um þann lið. Hins vegar er sótt um 6 m.kr. framlag til breytinga á húsnæði vegna flutnings á verkefnum frá fjármálaráðuneytinu til Hagstofunnar í samræmi við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Gera þarf breytingar á efstu hæð til að fjölga skrifstofum og breyta aðgangi inn á jarðhæð þar sem takmarka þarf aðgengi frá því sem nú er vegna hagskýrslustarfsemi sem þangað flyst.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
12-101-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-4,4
12-190-190 Ýmis viðskipta- og bankamál .....	-0,6
12-199-110 Til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ráðherra .....	-0,1
12-411-101 Samkeppniseftirlitið .....	-6,2
12-431-101 Einkaleyfastofan .....	-3,9
12-501-101 Hagstofa Íslands .....	-11,0
<b>Samtals</b> .....	<b>-26,2</b>

**14 Umhverfissráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 859,4 m.kr. Sótt er um 923,8 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna nýrra útgjaldaskuldbindinga en á móti kemur að lögð er til 64,4 m.kr. lækkun á öðrum fjárveitingum í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar um samdrátt ríkisútgjalda. Í umfjölluninni hér á eftir um breytingar á einstökum fjárlagaliðum er gerð grein fyrir hækkun fjárheimilda vegna nýrra eða aukinna útgjaldaskuldbindinga og vegna aðhaldsaðgerða sem fela í sér sértækar ákvarðanir eða

útfærðar ráðstafanir um útgjaldalækkun. Hins vegar er ekki fjallað um almennar aðhaldsaðgerðir, á borð við fækkun yfirvinnustunda, lækkun ferðakostnaðar og þess háttar, undir einstökum fjárlagaliðum heldur er yfirlit um þær í töflu aftast í umfjöllun um ráðuneytið. Vakin er athygli á því að í kafla 2 er sérstök umfjöllun og samantekt á aðhaldsaðgerðum ráðuneyta í heild.

## **212 Vatnajökulspjóðgarður.**

*1.01 Vatnajökulspjóðgarður.* Lagt er til að 45 m.kr. fjárveiting sem veitt var til stofn- kostnaðarverkefna á liðnum verði millifærð á rekstrarviðfangsefni svo fjármagna megi rekstrarútgjöld miðað við áætlanir. Unnið er að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn og á meðan sú vinna er í gangi er ekki talið ráðlegt að ráðast í allar þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru svo sem uppbyggingu landvarða- og upplýsinga- miðstöðva og stígagerð. Hluti þeirra framkvæmda sem áætlað var að ráðast í frestast sem því nemur.

*6.41 Framkvæmdir.* Lagt er til að fjárheimild lækki um 45 m.kr. samanber umfjöllun hér að ofan á viðfanginu *1.01 Vatnajökulspjóðgarður.*

## **287 Úrvinnslusjóður.**

*1.10 Úrvinnslusjóður.* Áætlað er að Úrvinnslusjóður muni hafa 85 m.kr. vaxtatekjur af inneign sinni hjá ríkissjóði vegna óráðstafaðra markaðra tekna af úrvinnslugjaldi en það er 25 m.kr. lækkun frá áætlun fjárlaga. Gert er ráð fyrir að gjaldaheimild sjóðsins lækki samsvarandi.

## **289 Endurvinnslan hf.**

*1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun.* Lögð er til 380 m.kr. hækkun fjárheimildar á þennan lið. Endurskoðuð áætlun um ríkistekjur af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir gerir ráð fyrir að tekjur þessa árs verði 380 m.kr. hærri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga.

## **321 Brunamálastofnun ríkisins.**

*1.01 Brunamálastofnun ríkisins.* Farið er fram á 75,8 m.kr. hækkun á fjárheimild. Annars vegar er sótt um 75,8 m.kr. fjárveitingu vegna flutnings rafmagnsöryggismála frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 29/2009, um færslu eftirlits með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, flytjast þessi verkefni frá Neytendastofu til Brunamálastofnunar að öðru leyti en því að hluti af markaðseftirliti með rafföngum er áfram hjá Neytendastofu. Markaðir tekjustofnar vegna eftirlits með raforkuvirkjum og neysluveitum og rafföngum á markaði flytjast einnig til Brunamálastofnunar samhliða flutningi verkefnanna, og gert er ráð fyrir að þessar tekjur standi alfarið undir kostnaði við verkefnin. Hins vegar er lögð til 8,8 m.kr. lækkun á

sértekjukuröfu stofnunarinnar vegna falls í húsaleigutekjum. Húsnæði sem stofnunin áður leigði út hýsir nú rafmagnsöryggisdeild stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnunin mæti tekjufalli ársins með lækkun tilkostnaðar.

### **381 Ofanflóðasjóður.**

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Farið er fram á 468 m.kr. hækkun á fjárheimild. Annars vegar er sótt um 450 m.kr. fjárveitingu vegna aukinna framkvæmda við snjóflóðavarnir. Tillagan er hluti af aðgerðum í atvinnumálum sem ríkisstjórnin samþykkti í vor að unnið skyldi að. Í endurskoðaðri framkvæmdaáætlun sjóðsins er gert ráð fyrir að hann þurfi á að halda 600 m.kr. framlagi í fjárlögum 2010, 500 m.kr. árið 2011, 500 m.kr. árið 2012 og 900 m.kr. árið 2013. Sjóðurinn býr að 700 m.kr. ónotuðum fjárheimildum frá fyrri árum og hefur 685 m.kr. gjaldaheimild í fjárlögum yfirstandandi árs þannig að með samþykkt þessarar tillögu hefur sjóðurinn 1.835 m.kr. til framkvæmda. Gert er ráð fyrir að í ár verði 985 m.kr. varið til að standa við áfallnar verkskuldbindingar í Ólafsvík, Bíldudal, Bolungavík, Ísafirði, Fjallabyggð, Eyjafjarðasveit og Fjarðabyggð. Því til viðbótar er áformað að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarð í Bolungavík og upptökustöðvirki í Neskaupstað og að unnið verði að þeim framkvæmdum ásamt nokkrum smærri verkefnum á árunum 2010 og 2011. Á árinu 2012 er svo áætlað að hefja framkvæmdir við snjóflóðagarða á Ísafirði og Neskaupstað. Hins vegar er lögð til 18 m.kr. hækkun fjárveitingar þar sem vaxtatekjur Ofanflóðasjóðs af inneign hjá ríkissjóði verða lægri en reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Framlag af mörkuðum ríkistekjum sjóðsins hækkar sem því nemur.

Aðrar breytingar á fjárheimildum einstakra fjárlagaviðfangsefna skýrast af tillögum um lækkun fjárveitinga í samræmi við aðhaldsáform ríkisstjórnarinnar þar sem reiknað er með að útgjaldalækkun verði náð með almennum aðgerðum, s.s. samdrætti í yfirvinnu og aukagreiðslum. Eftirfarandi tafla gefur yfirlit yfir þessar tillögur um lækkun fjárheimilda.

Fjárlagaliður-viðfangsefni	Upphæð m.kr.
14-101-101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-4,5
14-190-110 Fastanefndir .....	-3,0
14-190-135 Umhverfissvöktun .....	-2,3
14-190-140 Alþjóðastofnanir .....	-10,0
14-202-101 Náttúruvannsóknastöðin við Mývatn .....	-1,0
14-211-101 Umhverfisstofnun .....	-7,0
14-212-101 Vatnajökulspjóðgarður .....	-1,5
14-231-101 Landgræðsla ríkisins .....	-6,0
14-241-101 Skógrækt ríkisins .....	-3,5
14-303-113 Endurgreiðslur á hluta kostnaðar sveitarfélaga við skipulagsmál .....	-2,1
14-310-101 Landmælingar Íslands .....	-2,5
14-321-101 Brunamálastofnun ríkisins .....	-7,0
14-401-101 Náttúrufræðistofnun Íslands .....	-4,0
14-407-101 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar .....	-1,0
14-412-101 Almennur rekstur .....	-9,0
<b>Samtals</b> .....	<b>-64,4</b>

## 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 17.105 m.kr.

### 801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2009 bendir til þess að gjaldfærðir vextir hækki um 17.105 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2009 og verði 104.045 m.kr. og að greiddir vextir hækki um 21.395 m.kr. og verði 97.965 m.kr.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2009	Áætlun 2009	Breyting frá fjárlögum
Erlend lán .....	12.160	12.600	440
Spariskírteini .....	980	1.100	120
Ríkisbréf .....	26.380	26.200	-180
Ríkisvixlar .....	5.700	6.800	1.100
Önnur innlend lán .....	1.640	1.600	-40
Seðlabanki vegna veð- og daglána .....	31.350	7.100	-24.250
Endurfjármögnun banka .....	5.250	44.200	38.950
Lán vinabjóða .....	0	745	745
Annar vaxtakostnaður .....	2.730	2.900	170
Lántökukostnaður .....	750	800	50
<b>Samtals</b> .....	<b>86.940</b>	<b>104.045</b>	<b>17.105</b>

Við gerð fjárlaga 2009 ríkti enn mikil óvissa um ýmsa þætti varðandi afleiðingar bankahrunsins sl. haust. Þá var m.a. ráðgert að nýta eignir ríkissjóðs til kaupa á markaðsskuldabréfum til að leggja nýju bönkunum til sem eigið fé, ásamt því að gefa út skuldabréf. Síðar var ákveðið að ríkissjóður gæfi út nýjan flokk ríkisskuldabréfa að fjárhæð 300 milljarðar kr. sem notaður yrði sérstaklega til að endurfjármagna banka-kerfið. Í ágúst sl. var tilkynnt um fjármögnun Íslandsbanka og Nýja Kaupþings fyrir 137 milljarða kr. en niðurstaða er ekki komin um fjárhæð endurfjármögnunar Nýja Landsbankans eða sparissjóðanna. Skilaneftum Glitnis og Kaupþings stendur til boða að eignast meirihluta í nýju bönkunum. Ef af kaupnum verður mun hluti af ríkisskuldabréfunum verða afhentur til baka til ríkisins og vaxtagjöld ríkissjóðs þar með lækka. Gjaldtagi skuldabréfaflokksins er eftir 9 ár og taka vextir mið af vaxtakjörum viðskiptareikninga innlánsstofnana í Seðlabanka. Á fyrsta ári skuldabréfaflokksins eru reiknaðir vextir í 15 mánuði skv. skilmálum bréfsins en síðan ársvextir. Því er gert ráð fyrir að vaxtakostnaður vegna þess lækki strax á næsta ári jafnhliða spám um lækkandi vexti. Á móti auknum vaxtakostnaði vegna útgáfunnar koma vaxtatekjur af eignum ríkissjóðs sem annars hefðu verið seldar.

Við fjárlagagerð 2009 ríkti einnig óvissa um skilmála skuldabréfs sem gefið var út til Seðlabanka Íslands vegna yfirtöku ríkissjóðs á kröfum vegna veð- og daglána bankans. Með samkomulagi sem gert var 12. janúar sl. og tók gildi 31. desember 2008 framseldi bankinn til ríkissjóðs kröfur sem tilkomnar voru vegna lánaþyrirgreiðslu sem bankinn veitti fjármálaþyrirtækjum í samræmi við hlutverk hans. Við fall bankanna kom í ljós að umtalsvert tap hafði orðið vegna þessara lánveitinga sem rýrði eigið fé bankans umfram það sem hann gat staðið undir. Tilgangur samkomulagsins var því að tryggja bankanum viðunandi eiginfjárstöðu ásamt því sem ríkissjóður hefur rýmri heimildir til að umsýsla slíkar kröfur heldur en lög um Seðlabanka leyfa og þannig betur í stakk búinn til að verja hagsmuni sína sem kröfueigandi. Um var að ræða yfirtöku tryggingabréfa að fjárhæð 345 milljarða kr. sem greitt var fyrir með 270 milljarða kr. skuldabréfi. Skuldabréfið er verðtryggt, með einni afborgun í lok lánstíma eftir 5 ár og ber 2,5% vexti. Við fjárlagagerð 2009 hafði verið gert ráð fyrir óverðtryggðum vöxtum.

Í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir vöxtum af lánum vanaþjóða sem veitt eru ríkissjóði í áföngum samhliða endurskoðun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á efnahagsáætluninni. Nú liggur fyrir að Norðurlöndin, að Noregi undanskildum, og Pólland hafa heitið ríkissjóði lánveitingum, samtals að jafnvirði tæplega 2,1 milljarði bandaríkjadala. Lán frá Noregi og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru hins vegar veitt til Seðlabanka Íslands. Áætlanir gera einnig ráð fyrir láni frá Rússlandi. Lán frá Færeyjum hefur þegar verið afgreitt. Á móti vaxtagjöldum vegna þessara lána koma vaxtatekjur af gjaldeyriseign sem færast á tekjuhlið ríkissjóð en þó er ljóst að vaxtajöfnuður verður neikvæður.

Á árinu 2009 er nú reiknað með aukinni útgáfu ríkisbréfa og ríkisvixla umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Markaðsaðstæður hafa verið ríkissjóði hagfelldar á árinu og hefur það gefið tilefni til að efla stöðu ríkissjóðs á innlánsreikningum í Seðlabanka í stað þess að draga á innistæður eins og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Á móti aukinni útgáfu koma vaxtatekjur af hærri innistæðum.